

Ragna Guðbrands-
dóttir styður
alnæmissjúka
Úganda 20



Hreinar línur
tíska 26



Skandinavískir
STRAUMAR
heimili&hönnun



spottið 12

FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarútgáfa

12. febrúar 2011
36. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI



Ísland ræður ferðinni
Timo Summa, sendiherra
ESB hér á landi, segir Ís-
land sjálft verða að ákveða
hvenær það aðlagist ESB.
evrópusambandið 22



Bræður munu berjast
Ewing-fjölskyldan í Dallas
snýr brátt aftur á skjáinn.
sjónvarp 28

Allir geta verið gordjöss
Páll Óskar lærði
að syngja af
fjölskyldu sinni.
krakkasíðan 38



3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Heimili&hönnun | Allt atvinna
| Allt



GLEÐI Á FRELSISTORGI Skefjalaus gleði greip um sig meðal almennings í Egyptalandi í gær þegar forsetinn Hosni Mubarak lét af völdum eftir átján daga stöðug mótmæli. Sérstakt ráð undir stjórn hersins mun stýra landinu fram að kosningum. **Nánar á síðu 4.**

NORDICPHOTOS/AFP

Grundvöllur útgáfu hruninn

Sala á nýjum námsbókum fyrir framhaldsskóla dróst saman um helming í fyrra. Útgefendur segja meðal annars skiptibókamörkuðum um að kenna. Sjá varla fram á að geta þróað eða gefið út nýjar bækur.

VERSLUN Grundvöllur útgáfu námsbóka fyrir framhaldsskóla er hruninn að sögn helstu útgefenda hér á landi. Þeir telja að jafnvel verði ekki þróað eða gefið út námsefni á næstunni. Kristján B. Jónasson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda, segir í samtali við Fréttablaðið að vendipunktur hafi verið í ár.

„Við vorum að sjá samdrátt ár frá ári, en síðustu tvö ár hefur markaðurinn fyrir námsbækur í framhaldsskólum hrundi.“

Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri Forlagsins, segist

Staðan á útgáfu kennslubóka hjá okkur er grafalvarleg og við sjáum ekki fram á að geta þróað eða gefið út nýjar bækur.

EGILL ÖRN JÓHANSSON
FRAMKVÆMDASTJÓRI FORLAGSINS

uggandi yfir framhaldinu. „Staðan á útgáfu kennslubóka hjá okkur er grafalvarleg og við sjáum ekki fram á að geta þróað eða gefið út nýjar bækur. Við erum að horfa upp

á meira en 50 prósentu samdrátt í sölu nýrra kennslubóka á síðasta ári og þess vegna er gjörsamlega útilokað að viðhalda mörg hundruð bókatitlum við núverandi aðstæður.“

Egill segir nokkrar ástæður liggja þar að baki. „Það er kannski helst aukin áhersla á skiptibókamarkaði sem hefur í raun kippt grundvelli undan útgáfu og sölu nýrra kennslubóka. Þó skil ég það vel eins og árferðið er núna þar sem foreldrar og nemendur leita í ódýra vöru þar sem þeir geta fundið hana.“

Forlagið er umsvifamest þeirra

sem gefa út bækur fyrir framhaldsskóla hér á landi en meðal annarra útgáfufélaga sem eru í sömu stöðu eru Iðnú og Bjartur.

Egill segir að erfitt sé að sjá lausnir í stöðunni til skamms tíma.

„Ég held að byltingin sem er í vændum verði rafbókavæðing þegar við getum boðið öllum nemum upp á íslensk kennslugögn með raf-rænum hætti. Það mun hins vegar ekki gerast á einni nóttu og ég hef áhyggjur af tímanum fram að því. Þau ár geta orðið ansi strembin fyrir útgefendur.“

-þj

1. sæti



Mest seldu bækur á Íslandi

* Söluhæstu bækur vikunnar 2.2.-8.2.2011 í verslunum Eymundsson

Nútímaskaðvaldur • Einkenni og lausnir
Candida sveppasýking

– er hún að hrjá þig
án þess að þú vitir það?

Fullnýttu kraftinn
sem býr í þér

„... frábær vegvísir ...“
Sólveig Eiríksdóttir, heilsufrömuður

2. sæti





Hilmar, þarf nokkuð að stytta stytturnar?

„Kannski þarf að stytta stuttmynda-styttuna.“

Edduverðlaunastytturnar eru nú í viðgerð eftir að þær bárust margar hverjar brotnar til landsins frá Kína. Hilmar Sigurðsson er formaður Íslensku kviminda- og sjónvarpsakademíunnar.



Á ALÞINGI Sex þingmenn tóku við kærleikshjörtum af krökkunum í Hlíðaskjóli. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Börn gerðu kærleikshjörtu:

Þingmenn fengu hjörtu

FÓLK Börn af frístundaheimilinu Hlíðaskjóli afhentu þingmönnum allra flokka kærleikshjörtu á Alþingi í gær.

Börn á frístundaheimilum í Reykjavík hafa útbúið hjörtun í tilefni af hátíðinni Kærleikar sem hefst klukkan 17.30 á Austurvelli á morgun. Hátíðin er hluti af Vetrarhátíð í Reykjavík. Hún á að skapa samkennd og veita hvatningu og styrk.

Hjörtun bera kærleiksríkan og uppbyggilegan boðskap frá börnunum sjálfum. - þeb

Nýr liðsmaður Fréttablaðsins: Skrifar greinar um hönnun

MENNING Sigríður Heimisdóttir iðnhönnuður hefur gengið til liðs við Fréttablaðið og mun reglulega skrifa greinar og gagnrýni um hönnun. Í dag skrifar hún í Heimili&hönnun um hönnunarsýninguna í Stokkhólmi.



SIGRÍÐUR HEIMISDÓTTIR

Sigríður hefur unnið fyrir fjölda framleiðenda frá því að hún útskrifaðist frá Istituto Europeo di Design og Domus Academy í Milanó.

Bergur/Huginn í Vestmannaeyjum ætla að leggja Smáeynni á Sjómannadag: Kom illa út úr kvótaskerðingu

SJÁVARÚTVEGUR Skipstjóra og tveimur stýrimönnum á ístogaranum Smáey VE 144, sem útgerðafélagið Bergur/Huginn í Vestmannaeyjum gerir út, hefur verið sagt upp störfum. Þeir eru allir með þriggja mánaða uppsagnarfrest. Tólf til sextán eru í áhöfn Smáeyjar og hefur þeim sem eftir eru verið tilkynnt að frekari uppsagnir séu fyrirhugaðar.

Þeir sem Fréttablaðið ræddi við í Vestmannaeyjum í gær sögðu skerðingu á ýsukvóta hafa komið illa við útgerðina og auka yrði hann á árinu. Að öðrum kosti

kunni viðlíka breytingar að ganga yfir alla útgerð í Vestmannaeyjum. Ýsukvóti er um helmingur af aflamarki útgerðarinnar.

Eftir því sem næst verður komist stendur til að leggja Smáey eftir Sjómannadaginn í sumar og færa þá þrjá í áhöfn sem sagt hefur verið upp störfum á hin skipin, Vestmannaey og Bergey. Sömu leiðis stendur til að skipta kvóta Smáeyjar á milli skipanna.

Ekki náðist í Magnús Kristinsson, útgerðarmann og aðaleiganda Bergs/Hugins, í gær. - jab



SMÁEY í áhöfn Smáeyjar eru allt að sextán. Þeim sem lengstan hafa uppsagnarfrestinn hefur verið sagt upp störfum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Ætla að semja fyrst og tala svo við ríkið

ASÍ og SA ætla að setja kraft í kjaraviðræður. Stefna að þriggja ára kjarasamningi, sem taki gildi 1. júní, hafi þá náðst samkomulag um það sem að stjórnvöldum snýr. Annars verði gerður skammtímasamningur. Laun hækki í mars.

KJARAMÁL Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins hafa náð saman um að reyna að ljúka vinnu við kjarasamning til þriggja ára. Gangi það eftir taka launahækkunar gildi í marsmánuði.

Þriggja ára gildistími nýja samningsins verður hins vegar háður því að aðilar nái í framhaldinu niðurstöðu fyrir 1. júní í viðræðum sínum við stjórnvöld um tilteknar aðgerðir. Takist það ekki eftir mun samningur aðila vinnu- markaðarins breytast í skammtímasamning.

„Þetta snýst ekki endilega um að við séum sammála um hvernig eigi að leysa hvert einstakt mál,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. Mörg mál þurfi að klárast, sum þeirra séu sameiginleg áhugamál SA og ASÍ en önnur ekki.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir að með þessu sé rofin sú kyrrstaða sem kjaraviðræður hafi verið komnar í. „Tíminn líður og við erum óþreyjufull,“ segir hann.

Nú verði settur kraftur í viðræðurnar. Fundir á vegum Flóabandalags, iðnaðarmanna og verslunarmanna eru á dagskrá á mánudag og þriðjudag. Vilhjálmur leggur áherslu á að ríkisvaldið verði hluti af öllu ferlinu. Gylfi segir að nú sé fundin leið til að gefa Alþingi og stjórnvöldum ráðrúm til þess að ræða ýmis viðamikil mál, sem séu á borði stjórnvalda, og ná um þau niðurstöðu.

Gylfi segir að það sé vissulega nýlunda að aðilar vinnu- markaðarins geri samning sín á milli áður en ljóst sé hvort niðurstæða ráðist um aðkomu ríkisvaldsins að



KJARASAMNINGAR Forseti ASÍ segir að aðeins tvö stéttarfélag standa utan við samráð á vinnu- markaði; 99% verkalyðshreyfingarinnar séu sátta við stefnu forystu ASÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



VILHJÁLMMUR EGILSSON



GYLFI ARNBJÖRNSSON

samningum. Þetta sé hins vegar sú leið sem menn fari í ljósi aðstæðna í pólitíkinu.

Gylfi segir ljóst að ASÍ og SA

muni ekki ná sameiginlegri niðurstöðu um sjávarútvegsmál. Hingað til hefur SA lagt höfuðáherslu á að leysa þurfi ágreining um stjórn fiskveiða áður en gengið verði til samninga. Vilhjálmur segir að SA leggi ekki síður en áður áherslu á sjávarútvegsmál. Hins vegar þurfi að ræða fleiri brýn mál í tengslum við gerð kjarasamninga.

Hvorki Vilhjálmur né Gylfi vilja ræða hugsanlegar prósentur þeirra launahækkana sem hugsanlega megi semja um í viðræðunum fram undan; það sé ótímabært á þessu stigi.

peturg@frettabladid.is

Nýr forstjóri Kauphallarinnar: Staðgengill fyllir skarð Pórðar

VIÐSKIPTI Páll Harðarson hefur verið ráðinn forstjóri Nasdaq OMX-kauphallarinnar hér á landi. Hann hefur síðastliðin níu ár verið rekstrarstjóri og staðgengill Þórðar Friðjónssonar, forstjóra Kauphallarinnar, sem lést fyrir aldur fram í vikunni.

Í tilkynningu frá Nasdaq OMX er haft er eftir Hans-Ole Jochumsen, forstjóra Nasdaq OMX á Norðurlöndunum, að Páll hafi viðtæka þekkingu á starfsemi Kauphallarinnar og sterkan bakgrunn í stjórnun og hagfræði. - jab

Jóhanna um hæstaréttardóm: Þarf ekki að segja af sér

STJÓRNMÁL Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra telur Svandís



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

Svavarsdóttur ekki þurfa að segja af sér sem umhverfisráðherra þrátt fyrir dóm Hæstaréttar í fyrradag. Þar var synjun hennar á staðfestingu aðal- skipulags Flóahrepps, sem laut að urriðafossvirkjun, ógilt.

Jóhanna sagði í viðtalvið Stöð 2 í gær að Svandís hefði gert það sem hún hefði talið rétt enda hefði verið brýnt að eyða réttarö- vissu í málinu.

Þá segir Jóhanna afstöðu ríkis- stjórnarinnar auk þess vera að ekki eigi að virkja í Neðri-Þjórsá. - þj

Rannsóknarnefnd kirkjunnar:

Um 30 manns teknir í viðtöl

ÞJÓÐKIRKJAN Starf rannsóknar- nefndar á vegum Þjóðkirkjunnar er í fullum gangi. Nefndin hefur tekið viðtöl við um 30 manns og segir Róbert Spanó, formaður nefndarinnar, að viðtölum sé ekki lokið. Stefnt sé að því að ljúka þeirri vinnu um mánaða- mótin.

„Nefndin hefur haldið fimmtán formlega fundi og tekið viðtöl við um 30 manns,“ segir Róbert. „Í framhaldinu heldur skýrslu- vinnan áfram. Starfið er á ætlu- un og við stefnum enn að því að skila af okkur þann 1. júní næst- komandi.“

Rannsóknarnefndin er að rann- saka viðbrögð Þjóðkirkjunnar við ásökunum á hendur Ólafi Skúla- syni, fyrrverandi biskupi Íslands, um kynferðislega áreitni. - sv

Draghundasportið nýtur sífellt meiri vinsælda á Íslandi segja áhugamenn:

Tveir keppa á hundasleða-HM

FÓLK Tveir Íslendingar eru meðal keppenda á heimsmeistaramótinu í hundasleðaakstri sem fer fram um þessar mundir í Noregi.

Þorsteinn Sófusson, sem er búsettur ytra, hefur þegar lokið keppni í 600 kílómetra hlaupi. Félagi hans, Páll Tryggvi Karlsson, heldur utan í næsta mánuði þar sem hann mun keppa í 3x45 kílómetra hlaupi.

Þorsteinn dró sig út úr keppni þar sem hundarnir hans veiktust, en hann er nú að þjálfa upp yngri hunda sem eiga eftir að láta meira að sér kveða í framtíðinni.

Draghundasportið er að ryðja sér til rúms á Íslandi og var sér- stakt félag áhugamanna stofnað nýlega.

Páll segir að mikill vöxtur sé í þessu sporti hér á landi þrátt fyrir að ekki sé alltaf hægt að



Á FULLRI FERÐ Þorsteinn Sófusson við keppni í Noregi.

reiða sig á snjóinn. Í stað sleð- anna eru hundarnir settir fyrir reiðhjól eða hlaupahjól.

Fyrsta keppni á vegum félags- ins verður haldin hinn 7. maí þar sem farið verður frá Hellu að

Eyrbakka, um 60 kílómetra leið. Páll segir alls konar hunda mega taka þátt í starfinu. „Við erum opin félagsskapur fyrir alla sem eiga hunda sem geta dregið.“ - þj

Vegna breytinga á allt að seljast í Herra Hafnarfirði

Dýrasta flíkin er á **4.990,-**

Nýjar vörur eru ekki á útsölu

Opið til 17:00 í dag!

Herra hafnarfjörður

Firði, Hafnarfirði • Sími 565 0073



20% afsláttur
af allri fermingarvöru gegn framvísun heimsenda fermingarpóstsins frá Blómavali

10% Aukaafsláttur á fermingarsýningunni



Ferming

Fermingarsýning í Blómavali Skútuvogi

Hefst kl 13:00

Blómportíð opnar um helgina!

Fjórleg fermingarsýning í Skútuvogi laugardag og sunnudag

Allir blómvendur
Aðeins **1190 kr**

Blómportíð
alla föstudaga og laugardaga

- Fermingarföt frá Outfitters Nation, Grand Collection, Gyllta kettinum og Kiss.
- Konditormeistarinn Halldór Kr. Sigurðsson sýnir okkur hvernig kransakakan er búin til.
- Pantið áritaðar serviettur, kerti og sálmbækur um helgina á frábærum afslætti.
- Ljósmyndastofa Erlings kynnir fermyndamyndatökur á staðnum.
- Avon snyrtivörur verða með kynningu og 30% afslátt á snyrtivörum.
- Hársnyrtitæki frá Remington verða á 25% afslætti.
- True North útivistarfatnaður frá Húsamiðjunni verður á 20% afslætti.
- Búsáhöld frá Húsamiðjunni verður á 20% afslætti.
- Uppdekkuð borð frá Blómavali og allt það nýjasta í borðskreytingum.
- MINK sýnir hangerða skartgrip.
- KRIA-DESIGN sýna handgert hárskraut.



Fermyndamyndatökur til sýnis frá nokkrum verslunum:
Outfitters Nation
Grand Collection
Gyllta kettinum
Kiss

Fermyndamyndatökur, fermyndamyndatökur, merktar sálmbækur, áprentun á serviettur, skrautskrifuð kerti, hanskar og margt fleira.

20% afsláttur af öllum kertum

Ís á **10 kr**

Kaffi Garður

HUMARSÚPA 99 kr

HUMARSÚPA - ALLAN DAGINN LAUGARDAG OG SUNNUDAG KL. 12:00 - 16:00

Fáið hugmyndir! sjáið skreytt veisluborð fyrir fermyndamyndatökur

blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík



Hollari

Mikilvægasta máltíð dagsins.

Rannsóknir sýna að þeir sem hefja daginn á að borða morgunmat ná betri árangri í námi og starfi og eiga auðveldara með að halda þyngdinni í skefjum en þeir sem sleppa morgunmatnum. Morgunverðurinn þarf samt ekki að vera margbrotinn eða flókinn málsverður.



Meiri kraftur, meiri vellíðan.

Cheerios er er trefjaríkt, sykurlítið morgunkorn, unnið úr heilum höfnum, hlaðið kolvetnum, orku og uppbyggjandi hollustu. Í hverri skeið eru lífsnauðsynleg næringarefni, 14 fjörefni og steinefni, og fyrirheit um aukinn kraft og meiri líkamlega vellíðan.



Finnst þér rétt að fjölmiðlar fjalli um fjármál landspektra einstaklinga?

Já	69,8%
Nei	30,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ert þú bjartsýn(n) á framhald kjaraviðræðna?

Segðu þína skoðun á visiris



Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn telur atvinnuleysið helsta vandamál Íslendinga:

Fimmta endurskoðun í apríl

EFNAHAGSMÁL Stefnt er að því að fimmta endurskoðun samstarfsáætlunar Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fari fram í apríl. Þetta kom fram á blaðamannafundi með Julie Kozack, formanni sendinefndar sjóðsins gagnvart Íslandi, og Franek Rozwadowski, fastafulltrúa sjóðsins hér á landi, í Seðlabankanum í gær.

Kozack lýsti því yfir að eftir viðræður við embættismenn, þingmenn, fræðimenn, fulltrúa vinnuveitenda og launþega hefði nefndin komist að því að landinu

miðaði vel áfram og ljóst væri að hagkerfið væri farið að taka við sér.

Hún sagði útlit fyrir hagvöxt á þessu ári í fyrsta sinn frá bankahruni, verðbólga væri að nást niður og skuldir hins opinbera og einkageirans lækkuðu óðum.

Þá sagði Kozack að vonir stæðu til að hægt væri að slaka á gjald-eyrishöftum áður en sjóðurinn lyki samstarfinu við Íslendinga í sumarlok.

Mesta áhyggjuefnið sagði hún vera atvinnuleysið. Helsta verk-



HRESS MEÐ STÖÐUNA Rozwadowski og Kozack telja að Íslandi miði vel áfram.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

efni stjórnvalda og sjóðsins væri að draga úr því.

Ríkið borgar miskabætur:

Lögregla leitaði án heimildar

DÓMSMÁL Íslenska ríkið hefur verið dæmt til að greiða karlmanni hundrað þúsund krónur í miskabætur vegna ólögmatrar húsleitar lögreglu á heimili hans.

Húsleitinn fór fram án þess að fyrir lægi dómsúrskurður sem heimilaði hana. Lögreglu hafði grunað að kannabisræktun færi fram í húsnæðinu, en fyrr á árinu 2009 hafði hún stöðvað stórfellda ræktun í sömu íbúð.

Lögregla lét lásasmið opna íbúðina en ekkert sagnæmt fannst í henni.

- jss

Niðurföll og rennur í baðherbergi

MAX 30 cm
12.900

MASSIVE 60 cm
36.900

AQUA 35 cm
11.900

Mikið úrval margar stærðir

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM



MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Reykjavík - Reykjanesbæ
Akureyri - Húsavík
Vestmannaeyjum - Flúðum



Félag tæknifólks í rafiðnaði

Tilkynning um framboðsfrest til stjórnarkjörs

Samkvæmt 32. gr. laga Félags tæknifólks í rafiðnaði skal fara fram allsherjaratkvæðagreiðsla um kjör stjórnar og trúnaðarráðs.

32. gr.

Stjórn félagsins skal einu mánuði fyrir aðalfund ár hvert auglýsa frest til framboðs í trúnaðarstöður samkvæmt 22. gr. Framboðsfrestur skal vera minnst 14 sólarhringar fyrir aðalfund og skal tillögum skilað til kjörstjórnar RSÍ innan þess tíma.

Með hliðsjón að framansögðu tilkynnist hér með að framboðsfrestur hefur verið ákveðinn til kl. 12.00 mánudaginn 1. mars 2011 og ber að skila tillögum ásamt meðmælendum fyrir þann tíma á skrifstofu félagsins.

Reykjavík 07. febrúar 2011.

Stjórn Félags tæknifólks í rafiðnaði

www.rafis.is/ftt

Einblínt um of á landbúnað og sjávarútveg

Formaður Félags atvinnurekenda telur sjávarútveginn og landbúnaðinn fá of mikið pláss í umræðunni. Geirarnir haldi ekki uppi atvinnu þorra landsmanna. Hann stingur upp á að hluti tryggingargjalds renni til launþega um tíma.

ATVINNULÍF Stjórnálamenn og fjölmiðlar veita sjávarútvegi og landbúnaði meiri athygli en atvinnugreinarnar eiga skilið, að mati Margrétar Guðmundsdóttur, framkvæmdastjóra Icepharma og formanns Félags atvinnurekenda. Þetta kom fram í ávarpi hennar á fundi félagsins á fimmtudag.

„Sterkustu hagsmunahóparnir í íslenskri samfélagsumræðu eru sjávarútvegsfyrirtækin með LÍÚ í forsvari og Bændasamtökin. Stundum mætti halda að þessir tveir geirar héldu uppi atvinnu þorra landsmanna miðað við þá áherslu og umfjöllun sem þeir fá hjá bæði stjórnálamönnum og fréttamönnum,“ sagði Margrét.

„Auðvitað ber að hafa í huga að sjávarútvegurinn gefur af sér 40 prósent af útflutningstekjum þjóðarinnar. Hann veitir hins vegar ekki nema 5 prósentum atvinnu.

Hvað landbúnaðinn varðar, þá er það áhyggjuefni að hin háu framlög til hefðbundinna greina eins og sauðfjárræktar og mjólkurframleiðslu standa öðrum greinum innan landbúnaðarins fyrir þrifum, eins og til dæmis ferðaþjónustu og skógrækt. Er það eðlilegt að matarverð Íslendinga sé mun hærra en það þyrfti að vera vegna þess að verið er að vernda eina stétt manna?“ spurði Margrét.

Hún sagði í ávarpinu að hefðbundnar kjaraviðræður ættu að heyra sögunni til. „Það er hvorki launþegum né atvinnurekendum í hag að fara inn í ný tímabil verðbólgu með tilheyrandi kaupmáttarýrnun. Við getum hins vegar ekki horft fram hjá því að bæði hefur kaupmáttur almennings minnkað



MARGRÉT GUÐMUNDSDÓTTIR Segir það áhyggjuefni að há framlög til hefðbundinna greina landbúnaðarins standi öðrum fyrir þrifum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

verulega og að fyrirtækin standa höllum fæti og hafa ekki mikið rými fyrir launahækkanir.“

Þrátt fyrir þetta væri ýmislegt hægt að gera. „Hvernig væri til dæmis að stöðva greiðslur í starfsmenntasjóð tímabundið og lækka tryggingargjald sem atvinnurekendum greiða og láta peningana þess í stað renna til launþega? Við það myndi kaupmáttur launþega aukast án aukinna gjalda á atvinnurekendum,“ sagði Margrét.

Hún sagði að Danir hefðu byggt upp sitt öflugna atvinnulíf með sterkum, alþjóðlegum framleiðslufyrirtækjum og því væri rökrétt

að velja því upp hvort auðlindirnar sem við Íslendingar værum svo ríkir af hindruðu okkur mögulega á öðrum sviðum.

„Getur verið að við einblinum of mikið á þær og þá hvort og hvernig við getum nýtt þær í stað þess að víkka sjóndeildarhringinn og nýta önnur tækifæri? Við höfum vissulega verið að ná árangri með fyrirtæki eins og Actavis, Marel, Óssur og CCP en ég er á þeirri skoðun að þessi fyrirtæki hafi náð árangri þrátt fyrir að vera staðsett á Íslandi en ekki vegna þess að þau eru hér,“ sagði hún.

stigur@frettabladid.is

Dagvöruverslun eykst milli ára og meira selst af húsgögnum og raftækjum:

Mikill samdráttur í áfengissölu

VERSLUN Sala áfengis dróst saman um 6,4 prósent í janúar miðað við sama mánuð í fyrra, á föstu verðlagi. Áfengisverð var hálfri prósentu hærra nú en þá.

Þetta kemur fram í smásöluvísitölu Rannsóknaseturs verslunarinnar. Í janúar síðastliðnum var áfengissalan svipuð og hún var um mitt árið 2005. Talið er líklegt að miklar hækkanir árið 2009 hafi enn áhrif á að áfengissala er minni en áður. Einnig er tekið fram að ráðstöfunartekjur hafi minnkað.

Heildarvelta í dagvöruverslun jókst um 2,4 prósent miðað við sama tíma í fyrra á föstu verðlagi. Á þeim tíma hefur dagvöruverð hækkað um tæpt prósent.

Sala á raftækjum og húsbúnaði jókst mikið milli ára. Raftækjasala var fjórðungi meiri nú í janúar en í fyrra en velta húsgagnabúða jókst um 6,6 prósent. Raftækjaverð hefur lækkað um tíu prósent á þessum tíma en húsgagnaverð hækkaði lítillega, um 2,5 prósent.

Þá hefur fata- og skóverslun dregist saman og janúarútsölu í ár þykja ekki hafa verið eins líflegar og í fyrra. Fataverslun dróst saman um 14,2 prósent



KRINGLAN Minna hefur selst af fötum og skóm nú en fyrir ári. Þær greinar hafa ekki náð sér á strik eftir hrun, samkvæmt Rannsóknasetrinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

milli ára á föstu verðlagi og skóverslun um fjögur prósent. Fataverð hefur nánast staðið í stað á þessum tíma en verð á skóm hefur lækkað um rúm tvö prósent.

- þeb

Skoppa & Skritla



Bolur
1.999_{kr}



Kjóll
2.999_{kr}

Leggings
1.999_{kr}

Sokkabuxur
999_{kr}

Náttkjóll
2.999_{kr}

Skoppa & Skritla
í Húsdýragarðinum
999_{kr}



24
Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



- 1 Hvaða erlendi umboðsmaður íhugar að gefa út lag Heiðrúnar Önnu Björnsdóttur?
- 2 Hvaða dýr sást í Landakotskirkju á fimmtudag?
- 3 Í hvaða mynd leikur Friðrik Steinn Friðriksson?

SVÖR
norminnar.
1. Simon Fuller. 2. Grennbla. 3. Tími

Marinó hótar DV málsókn: Vill bætur eins og Eiður Smári

FJÖLMÍDLAR Marinó G. Njálsson, fyrrverandi stjórnarmaður í Hagsmunasamtökum heimilanna, hefur farið fram á að fá greiddar 400 þúsund krónur í bætur frá DV vegna umfjöllunar um fjármál hans.



MARINÓ G. NJÁLSSON

Í tölvubræfi sem hann hefur sent ritstjórum DV vísar Marinó til nýfallins dóms í máli Eiðs Smára Guðjohnsen, en Eiði voru dæmdar 400 þúsund krónur í bætur fyrir umfjöllun um fjármál hans. Í bréfinu fer Marinó fram á afsökunarbeiðni og býður blaðinu að ljúka málinu með bótgreiðslu án dómsmáls.

Líklegt að reyni á ábyrgð allra

Dósent í lögfræði við HÍ telur líklegt að þeir sem hafi orðið fyrir tjóni vegna mengunar frá sorpbrennslum muni reyna að sækja bætur til eigenda, rekstrar- og eftirlitsaðila. Tjón einstaklinga er orðið gríðarlegt.

FRÉTTASKÝRING

Hver er ábyrgur og ber að bæta þann skaða sem mengun frá sorpbrennslum hefur valdið?

Eiríkur Jónsson, dósent í lögfræði við Háskóla Íslands, telur líklegt að fari menn í skaðabótamál vegna díoxínmengunar frá sorpbrennslum muni þeir beina kröfum sínum bæði gegn eigendum eða rekstraraðilum þeirra og eftirlitsaðilum.

Mælingar Matvæla- stofnunar hafa staðfest díoxínmengun í kjöti, mjólk og fódri frá sorpbrennslunni Funa á Ísafirði. Bændur á svæðinu munu þurfa að fella bústofn sinn og Steingrímur Jónsson, bóndi í Efri-Engidal, sér ekki framtíð í búskap á jörð sinni. Ljóst er að fjárhagslegt og tilfinningalegt tjón fólks er mikið.

Aðalheiður Jóhannsdóttir, prófessor í lögfræði við Háskóla Íslands, benti á það í viðtali við Fréttablaðið 8. janúar að ef í ljós kæmi að einstaklingar, sem byggju á þeim svæðum þar sem eldri sorpbrennslur hefðu starfað, hefðu orðið fyrir heilsutjóni eða annars konar tjóni væri ekki óhugsandi að eigendur eða rekstraraðilar yrðu skaðabótaskyldir ef tækist að sýna fram á saknæma háttsemi eða gáleysi fyrirsvartsmanna. Einnig

væri hugsanlegt að athafnaleysi opinberra eftirlitsaðila gæti valdið skaðabótaskyldu, til dæmis á þeim grundvelli að ekki hefði verið gripið fyrir inn í atburðarásina þegar vitneskja hefði legið fyrir um magn díoxíns frá eldri sorpbrennslum.

Eiríkur segir að löggjöfin um skaðabótaábyrgð vegna umhverfistjóna sé enn sem komið er talsvert frumstæðari hér á landi en hjá ýmsum nágrannahjóðum, þar sem lögfestar hafa verið reglur sem auðvelda fólki að sækja bætur vegna mengunartjóns. Niðurstaða um bótaábyrgð vegna slíks tjóns ráðist því í grunnatriðum af almennum reglum skaðabótaréttar.

„Um leið gerir hið sérstaka eðli umhverfistjóns beitingu þessara almennu reglna á ýmsan hátt vandasama. Í skaðabótamáli vegna tjóns í þessa veru myndi eðlilega reyna á mat á hinum hefðbundnu skilyrðum skaðabótaábyrgðar, svo sem á saknæmi og orsakatengslum, en jafnframt kæmu til skoðunar tiltekin sérsjónarmið sem talin hafa verið gilda um ábyrgð vegna opinbers eftirlits,“ segir Eiríkur.

Í málum þar sem bóta er krafist fyrir tjón, sem snertir háttsemi fleiri en eins aðila, er ekki óalgengt að aðilar bendi að einhverju leyti hver á annan, auk þess sem niðurstaðan getur orðið sú að fleiri en



FUNI Á GÓÐUM DEGI Fyrir liggur að einstaklingar hafa borið fjárhagslegan og tilfinningalegan skaða af mengun. Nú er spurt hver muni bæta þann skaða.

MYND/PÉTUR TRYGGVI

Ríkisendurskoðun skoðar ábyrgð allra

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra segir í viðtali við Fréttablaðið það mjög aðkallandi að svara því hverjir bera ábyrgð í mengunarmálum sorpbrennslanna. Þess vegna hafi hún farið fram á það við Ríkisendurskoðun að rannsaka stjórnábyrgð vegna tjóns í þessa veru myndi eðlilega reyna á mat á hinum hefðbundnu skilyrðum skaðabótaábyrgðar, svo sem á saknæmi og orsakatengslum, en jafnframt kæmu til skoðunar tiltekin sérsjónarmið sem talin hafa verið gilda um ábyrgð vegna opinbers eftirlits,“ segir Eiríkur.



einn beri ábyrgð á tilteknu tjóni. „Því beina menn gjarnan skaðabótakröfum að öllum þeim sem ábyrgð kunna að bera og nokkuð algengt að fleiri en einn aðili séu til varnar. Nú þekki ég ekki fyllilega

málsatvik í þeim málum sem kunna að rísa vegna sorpbrennslanna en samkvæmt þessu má telja eins líklegt að þar reyni á ábyrgð fleiri en eins aðila,“ segir Eiríkur.

svavar@frettabladid.is


Smáhundafjör alla helgina!



- Allar nýjustu tegundirnar af smáhundum á einum stað
- Hundatískusýning kl. 15.00 báða dagana
- Hundafimi laugard. kl. 14.00
- Kynnist heimsóknarvinum RKÍ
- Dýralæknir til skrafs og ráðagerða
- Lukkupottur, tilboð og margt fleira!

15% afsláttur af öllu fódri

Fóðurkynningar frá



Valentínusarhelgi!



Ástarmoli með skilaboðum fylgir öllum blómvöndum

Valentínusargjöfum fylgir

2 fyrir 1 í hádeginu alla virka daga

spíran bistro á 2. hæð Garðheimar

2 fyrir 1 á myndina FROM PRADA TO NADA

Kaupaukar fylgja laugardag, sunnudag og mánudag á meðan birgðir endast




Kaffi, ís og bakkelsi



spíran bistro á 2. hæð



Yljandi gúllassúpa



GARÐHEIMAR

FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI Í 19ÁR



MICRA



Verið velkomin í
kaffi, meðlæti
og reynsluakstur

FRUMSÝNING UM HELGINA

Nýr Nissan Micra

Nú um helgina kynnum við glænýja útgáfu af Micra, sem hefur verið einn vinsælasti bíllinn frá Nissan um áraraðir. Líkt og forverar sínir er nýr Nissan Micra einstaklega áreiðanlegur og sparneytinn, eyðir ekki nema 5 lítrum á hverja 100 km. Í Nissan Micra er hvergi slegið af öryggiskröfum, 6 loftpúðar, ESP stöðugleikastýring og bremsur með hemlælæsivörn eru staðalbúnaður. Til þægindaauka eru allir Nissan Micra með handfrjálsan símabúnað með aðgerðahnöppum í stýri.

P Beinskiptur 1,2 l Micra fær frítt í bílastæði í miðborginni.

Kíktu í kaffi hjá okkur núna um helgina, skoðuðu þennan frábæra smábíl og skelltu þér í reynsluakstur. **Við höfum opið í dag frá kl. 12-16 og á morgun frá kl. 13-16.**



NISSAN LEIKURINN

VINNUR ÞÚ AFNOT AF NISSAN MICRA Í 2 VIKUR?

Allir sem gerast vinir okkar á Facebook fara í pott og geta unnið frí afnot af Nissan Micra í tvær vikur! Drögum út heppna vini reglulega.

[facebook.com/nissanvinir](https://www.facebook.com/nissanvinir)



Allar nánari upplýsingar á:
www.nissan.is

INGVAR HELGASON og B&L • Sævarhöfða 2, sími 525 8000

Opnir málfundir... ...um vísinda- og nýsköpunarkerfið

Miðvikudaginn 16. febrúar kl. 15-17 í Hátíðarsal Háskóla Íslands



Vísinda- og tækniráð efnir til opinna og gagnrýnnar umræðu um vísinda- og nýsköpunarkerfið á fjórum opnum fundum í febrúar-apríl 2011 undir yfirskriftinni; „Með gæði og ávinning að leiðarljósi.“

Miðvikudaginn 16. febrúar kl. 15-17 í Hátíðarsal Háskóla Íslands

Hvers konar vísinda- og nýsköpunarkerfi þjónar Íslendingum best á 21. öldinni?

Hvernig hafa nágrannarþjóðir okkar aðlagð sig að áskorunum nýrrar aldar og hvað getum við lært af þeim breytingum sem þær hafa innleitt á síðustu árum?

Inngangserindi

Ilkka Turunen, aðalritari finnska Vísinda- og nýsköpunarráðsins.

Hans Müller Pedersen, aðstoðarframkvæmdastjóri Vísinda- og nýsköpunarmiðstöðvar Danmerkur.

Fundarstjóri: Guðrún Nordal, formaður vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs.

● Næsti málfundur


Hvernig útteilum við opinberu fé til vísinda og nýsköpunar í því skyni að hámarka gæði og ávinning?

Miðvikudaginn 2. mars kl. 15-17 í Háskólanum í Reykjavík.

Vísinda-
og tækniráð
www.vt.is

Svör eftir atvinnugreinum

Telur þú að íslenska krónan eða annar gjaldmiðill þjóni best hagsmunum íslensks viðskiptalífs?



Heimild: Viðskiptaráð

Meirihluti stjórnenda vill annan gjaldmiðil en krónuna:

Atvinnulífið vill ekki lengur krónuna

EFNAHAGSMÁL „Þetta kemur ekki á óvart. Öll óvissa sem tengist krónunni og gengi hennar er eingöngu til vandræða,“ segir Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs.

Rétt rúm sextíu prósent forsvarsmanna um fjögur hundruð fyrirtækja telja annan gjaldmiðil en íslensku krónuna þjóna best hagsmunum viðskiptalífsins, samkvæmt niðurstöðum viðhorfskönnunar Viðskiptaráðs. Tæpur fjórðungur þátttakenda í könnuninni, 24 prósent, telur krónuna gegna hlutverkinu vel.

Í könnuninni var ekki spurt hvaða gjaldmiðill þátttakendur töldu þjóna hagsmunum landsins betur en krónan.

Mestur stuðningur við annan gjaldmiðil er í þjónustu- og orkugeiranum og í smásölu en langminnstur í fiskvinnslu og útgerð.


Finnur bendir á að annars vegar sé krónan varin með höftum sem geti ekki gert annað en dregið úr trúverðuleika hennar, bæði hér og erlendis. Hins vegar endurspeglir virði hvers gjaldmiðils, bæði gengi hans og trúverðuleiki, heilbrigði þess efnahagslífs sem hann grundvallast á.

„Flestir eru sammála um að of hægt hefur gengið að koma efnahagslífinu af stað. Það hlýtur að rýra virði krónunnar. Vegna hafta endurspeglast þessi virðisrýrnun hugsanlega síður í genginu. En það gera viðhorf forsvarsmanna atvinnulífsins til krónunnar,“ segir Finnur.

Viðhorfskönnunin var gerð dagana 13. til 31. janúar síðastliðinn. Í úrtakinu voru 720 forsvarsmenn í atvinnulífinu og var svarhlutfall 57 prósent.

- jab

SKJÁREINN BESTA DAGSKRÁIN FRÁ UPPHAFI



THE WALKING DEAD

The Walking Dead er sýndur á sunnudagskvöldum kl. 22.00.

Frábær þáttaröð frá Frank Darabont, leikstjóra The Shawshank Redemption. Gagnrýnendur hafa keppt við að lofsyngja þáttaröðina og áhorfendur eru á sama máli. Þetta er besta nýja þáttaröðin í sjónvarpi í dag!



Í BJÖRGUNARMÍÐSTÖÐINNI Feðgarnir tóku við viðurkenningum sínum í Björgunarmiðstöðinni í Skógarhlíð í gær.

Skyndihjálparmaður ársins var valinn í gær:

Bjargaði syni sínum

SKYNDIHJÁLP Ólafur Guðnason var í gær valinn Skyndihjálparmaður ársins 2010 af Rauða krossi Íslands. Þetta er í tíunda sinn sem viðurkenningin er veitt. Í gær var 112-dagurinn, neyðarlínudagur sem er haldinn í mörgum Evrópuríkjum.

Ólafur sýndi hárrétt viðbrögð þegar hann lenti í bílslysi ásamt syni sínum fjarri byggð síðasta sumar. Hann bjargaði lífi sonar síns, Ólafs Diðriks Ólafssonar, með því að stöðva miklar blæðingar á höfði og handlegg hans þegar bíll þeirra valt á Háreksstaðaleið á Jökuldalsheiði. Ólafur Diðrik keyrði bílinn en sofnaði undir stýri og missti stjórn á bílnum, sem fór út af og valt. Bíllinn gjör-eyðilagðist.

Ólafur Diðrik var með skerta meðvitund, marga skurði á höfðinu

og það fossblæddi úr hnacka hans, meðal annars. Hann reyndist vera með brákaða höfuðkúpu og brákaða háls- og hryggjarliði. Kraftaverk þykir að hann hafi ekki lamast.

Sex aðrir fengu viðurkenningar fyrir beitingu skyndihjálpar og lífsbjörg. Agúst Þorbjörnsson endurlífgaði félagu sinn á Hvamms-tanga, Sæþór Þorbergsson endurlífgaði gest í líkamsræktarstöð í Stykkishólmi, Alfreð Gústaf Mariússon endurlífgaði samstarfsmann sinn í grunnskóla í Hafnarfirði og Erna Björg Gylfadóttir endurlífgaði systur sína ásamt vinnufélögum í HB Granda á Akranesi. Þá losaði Borghildur Sverrisdóttir í Hafnarfirði aðskotahlut úr hálsi föður síns og Benedikt Gröndal losaði aðskotahlut úr hálsi sonar síns.

- þeb

Ársfundur 2011

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna verður haldinn miðvikudaginn 16. mars kl. 18.15 á Grand Hótel.

live.is

DAGSKRÁ FUNDARINS:

- » Venjuleg ársfundarstörf.
- » Önnur mál.

Sjóðfélagar og lífeyrisþegar sjóðsins eiga rétt til setu á ársfundinum. Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Reykjavík, 26. janúar 2011
Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Lífeyrissjóður verzlunarmanna | Kringlunni 7, 103 Reykjavík | Sími 580 4000 | skrifstofa@live.is

FRÉTTIR

VIÐSKIPTI

ÍPRÓTTIR

LÍFIÐ

UMRÆÐAN

MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?

Stærsti fréttá- og afþreyingarvefur landsins.

VÍSIR.IS




SKJÁREINN

AÐEINS

2.890 KR.

Á MÁNUÐI

Hringdu núna og tryggðu þér áskrift í síma 595 6000, eða smelltu þér á skjareinn.is



EKKERT VENJULEGT SJÓNVARP

Á að breyta lögunum þegar fólki fellur ekki niðurstaðan úr lögformlegu ferli?

ORF og varúðin

Tú þingmenn VG, Hreyfingarinnar og Samfylkingarinnar hafa lagt fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um að útiræktun á erfðabreyttum lífverum verði bönnuð.

Kveikjan að tillöguflutningnum er þær deilur sem hafa staðið um tilraunaræktun ORF líftækni á erfðabreyttu byggi í Gunnarsholti, en prótín úr bygginu á meðal annars að nota við framleiðslu lyfja og snyrtivara. Í greinargerð með tillögunni er meðal annars vísað til varúðarreglunnar í umhverfismálum, sem stundum er orðuð þannig að náttúran skuli alltaf njóta vafans.

Andstæðingar þess að ORF fengi leyfi til útiræktunar hafa

SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is



einmitt haldið því fram að með leyfisveitingunni hafi varúðarreglan verið brotin. Ástæða er þó til að staldra við þá röksemd.

Við meðferð málsins var farið eftir lögum um erfðabreyttar lífverur frá 1996. Með þeim voru tilskipanir Evrópusambandsins innleiddar á Íslandi. Þær gera

rád fyrir að heimilt sé að sleppa erfðabreyttum lífverum í náttúrunni að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Þegar af þeirri ástæðu er hæpið að Ísland geti einhliða ákveðið bann við útiræktun.

Lögin eiga að tryggja „að framleiðsla og notkun erfðabreyttra lífvera fari fram á siðferðilega og samfélagslega ábyrgan hátt í samræmi við varúðarregluna og grundvallarregluna um sjálfbæra þróun“. Í þeim tilgangi ber meðal annars að leita álits óháðra vísindamanna áður en tilraunir með slíkar lífverur eru leyfðar.

Í samræmi við þetta kallaði Umhverfisstofnun, sem veitir slík leyfi, eftir umsögnum frá Náttúrufræðistofnun og ráðgjafarnefnd um erfðabreyttar lífverur. Náttúrufræðistofnun taldi ekki líkur á að útiræktun erfðabreytts byggs gæti haft áhrif á aðrar lífverur. Að sömu niðurstöðu komust sjö sérfræðingar af nýu í nefndinni. Það er í samræmi við álit langflestara íslenskra vísindamanna með sérþekkingu á erfðatækni. 37 þeirra hafa nú sent Alþingi umsögn, þar sem þeir segja greinargerð þingsályktunartillögunnar fulla af rangfærslum og hún lýsi vanþekkingu á efni málsins.


Árið 2009 fóru fram ýtarlegar opinberar umræður um málið, tveir kynningarfundir fóru fram og almenningur var haldnir og frestur til að skila inn athugasemdum vegna umsóknar ORF var framlengdur. Umhverfisstofnun veitti leyfið, með ýmsum ströngum skilyrðum um að fyllsta öryggis yrði gætt. Leyfisveitingin var kærð til umhverfisráðuneytisins, sem að lokinni rækilegri skoðun rökstuddi að farið hefði verið að lögum og reglum í málinu og staðfesti ákvörðun Umhverfisstofnunar.

Með öðrum orðum hefur verið farið vandlega yfir það í tvígang, hvort umhverfinu geti stafað hætta af tilrauninni með útiræktun á byggi. Þessa niðurstöðu úr lögformlegu ferli vilja þingmennirnir tíu þó ekki setja sig við og vilja breyta lögunum, þannig að niðurstaða sem þeim hugnast verði alltaf fyrirframgefin og í raun óþarft að gera nokkurt vísindalegt mat á því hvort náttúran eigi að njóta vafans við tilraunir af þessu tagi.

Þetta gæti sjálfsagt orðið vinnusparandi í stjórnkerfinu og fræðasamfélaginu, en myndi um leið hamla mjög vísindalegum framförum á borð við þær sem unnið er að hjá ORF líftækni og geta haft mikla efnahagslega og samfélagslega þýðingu.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLÉLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLÉLAGSSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Vandinn að segja satt

Hugtakið þjóðareign segir ekkert um hvernig fiskveiðistjórnun þeir vilja sem oftast bera það fyrir sig. Það er notað bæði til að verja almannahagsmunum og sérhagsmunum. Afstaða forsætisráðherra og fjármálaráðherra er gott dæmi um þetta. Í ríkisstjórn 1990 beittu þau sér fyrir frjálsum framsali aflahlutdeildar og aflamarks. Þá töldu þau það vera í fullu samræmi við þjóðareignarákvæði laganna.

Nú telja þau þessa skipan vera andstæða almannahagsmunum



ÞORSTEINN PÁLSSON

almennum lögum ef menn eru ekki á einu máli hvað í ákvæðinu felst.

Fyrningarleið ríkisstjórnar-

og að úr megi bæta með því að flytja þjóðareignarákvæðið yfir í stjórnarskrá. Veruleikinn er hins vegar sá að staðsetning þess þar leysir engar þrætur fremur en í almennum lögum ef menn eru ekki á einu máli hvað í ákvæðinu felst.

innar geymir einungis hugmynd um hvernig taka á veiðiheimildir af þeim sem nú hafa þær. Þar er hins vegar ekki að finna lausnir á því hvernig stjórna á veiðum og úthluta veiðiheimildum.

Þegar umræðan er tekin af slagorðaplaninu þurfa menn að skilgreina markmið og taka meiri hagsmunum fram yfir minni. Þá þarf að segja satt um takmörkuð gæði og hvernig þau verða nýtt í þágu heildarinnar. Óraunsæið er vinsælla. Vandinn að segja satt er í raun helsti Þrándur í Götum lausnar.

Almannahagsmunir

Margir heimta nú að veiði verði aukin umfram vísindalega ráðgjöf. Til skamms tíma getur almenningur haft hag af því. Hitt er jafn ljóst að það dregur úr afrakstri auðlindarinnar til lengri tíma.

Aflahlutdeildarkerfið hefur verið talin skýring á því að íslenskir sjómenn og útgerðarmenn hafa stutt langtímasjónarmið vísindalegrar ráðgjafar meðan sjómenn og útgerðarmenn annarra þjóða hafa látið stundarhag ráða. Er þá unnt að fullyrða að aflahlutdeildarkerfið hafi að þessu leyti verið

andstætt almannahag? Óumdeilt er að aflahlutdeildarkerfið leiddi til samþjöppunar í rekstri. Fiskiskip eru færri, sjómenn eru færri og fiskvinnslustöðvar eru færri. Trúlega er þessi mikla hagræðing helsta undirbúið óánægjunnar. Ekki er unnt að mæla á móti því að þessi hagræðing gekk gegn hagsmunum nokkurra byggða og útgerða sem hurfu úr rekstri og sjómanna sem misstu vinnu. Á móti kemur að ekki er lengur þörf á millifærslum og gengislækkunum á kostnað almennings.

Með rökum er ekki unnt að

staðhæfa að efnahagsáhrif kerfisins hafi verið öndverð almannahagsmunum eða stangist á við þjóðareignarsjónarmiðið. Vissulega má deila um hvort er mikilvægara: Fjöldi starfa eða hagræðing. Það er val. Að lofa hvoru tveggja er skrók.

Krafan um að hámarka arðinn af auðlindinni í þágu heildarinnar er eitt af mikilvægustu viðfangsefnum stjórnmalanna. Spurningin er bara: Hvernig? Haggræðingin styrkir krónuna sem aftur bætir kjör almennings. Þetta lögmál virkar líka í hina áttina. Vilja menn það?

Eða sérhagsmunir?

Forsætisráðherra tilkynnti með nokkrum þunga um áramót að á þessu ári yrði bætt úr helstu meinsemd kerfisins með því að taka arðinn af útgerðunum og færa í sjóð eigenda auðlindarinnar, ríkissjóð. Á dögnum lýsti leiðtogi Samfylkingarinnar í sjávarútvegsmálum, Ólína Þorvarðardóttir, yfir því að Flateyri væri birtingarmynd helstu meinsemdar kerfisins.

Hugsanlega tala þessir tveir helstu foringjar stærsta flokksins á Alþingi fyrir sömu stefnu. Þá líta þeir svo á að vandi Flateyringa felist í of litlum skattgreiðslum eða því að þeir hafi ekki fengið

tækifæri til að bjóða í veiðirétt á móti Samherja. Hitt gæti líka hugsast að Ólína Þorvarðardóttir telji að meinsemdin sé sú að einhverjir óverðugir sitji að veiðiréttinum. Þá þarf hún að benda á hverjir það eru og leggja til að heimildir þeirra verði fluttar til Flateyrar. Svo kann líka að vera að hún telji að allir veiðiréttahafar eigi aðeins að halda réttinum að hluta. Afganginn eigi að flytja til Flateyringa og annarra sem það verðskulda. Hvort tveggja er sérhagsmunagæsla fyrir þá sem koma eiga nýir inn í greinina.

Ef þetta er stefnan minnka tekjur allra fyrirtækja sem voru fyrir í greininni svo og sjómanna

og fiskvinnslufólks. Hvernig á að bregðast við því? Vitað er að skattlagningarmöguleikarnir felast í hagræðingu. Því færri krónur sem kostar að veida hvert tonn því stærri verður skattstofninn. Gangi hagræðingin til baka hverfur skattstofninn. Hvað verður þá um áramótaboðskap forsætisráðherra um að flytja arðinn til eigendanna?

Er hægt að lofa fleiri störfum samtímis því að fjármunir verða færðir í sameiginlegan sjóð almennings?

Öllum þessum spurningum á að svara og sýna þarf rökrétt samhengi milli lausna og almannahagsmuna. Forsætisráðherra er í skuld með svörin.

25% afsláttur í febrúar

AF VÖRUM Á MYNDABÓKAVEF
www.odd.is

Fermingakort A6, ~~159kr~~
með 25% afslætti **119kr**

Verð er gefið upp með vsk. og miðast við afhendingu hjá Odda Höfðabakka 7. Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.

Oddi - umhverfisstofnun prentsmíðja. Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.odd.is

Rómantík og rósir í verzlunum Eymundsson!

Við þökkum inn fyrir þig valentínusargjöfni þér að kostnaðarlausu



Rómantísk ástarljóð Páls Ólafssonar
kr. 2.999,-



Eg skal kveða um eina þig
alla mína daga

Ástarljóð Páls Ólafssonar

Blóm og bók - það getur ekki klikkað

Falleg afskorin blóm í eftirtöldum verzlunum:
Eymundsson Austurstræti, Eymundsson
Kringlunni og Eymundsson Smáralind.

Lítill vöndur: kr. 1.795 Stór vöndur: kr. 2.995



Það geta ekki allir samið fallegt ástarljóð.
Fáðu ljóð að láni hjá meistarunum og
heillaðu ástina þína upp úr skónum.
Kr. 2.999,-



Fjöldi fallegra
korta sem henta
tækifærinu



Verð gilda til og með 28. febrúar 2011.



Verð
kr. 2.199

Þú býrð til rétta stemmningu með
Páli Rósinkranz, Ó hvílik elska.



Verð
kr. 990

Falleg
gjafabók



Verð
kr. 2.999



DVD. Verð
kr. 2.799

Eikar plastparket

1.190kr/m²

20%
AFSLÁTTUR
af allri Jotaproff
INNIMÁLNINGU
UM HELGINA

blöndum alla líti



LÆGSTA
LÁGA
VERÐ
HÚSASMIDJUNNAR*

EGGER



Eik 3ja stafa
6 mm Plastparket
frá Egger Austurríki,
fæst líka í Hnotu
146956

LÆGRA VERÐ FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

1.990,-

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ
HÚSASMIDJUNNAR*

Útiljós
Marika, einnig til í hvítu.
6000770

Electrolux

2 pakkar af
MILT
þvottaefni fylgja
þvottavélum



Þvottavél
EWF 126410W
1200 sn, 6kg, 85x60x60 cm.
1805477

79.900,-

5 ára ábyrgð

tekur 6 kg

1200 snúninga



Hleðsluborvél
Power Plus.
14.4V, flýtipatróna.
5245225

2 rafhlöður og taska

5.995,-

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ
HÚSASMIDJUNNAR*



10 STK.

590,-

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ
HÚSASMIDJUNNAR*

Perur Osram
Glærar 40W/60W.
10 stk. í pakka.

OSRAM



3.680,-

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ
HÚSASMIDJUNNAR*



Eldhústæki
Giglio
7900009

1.990kr/m²

Mjög sterkar
Frostþolnar

Gólfplís Bardiglio
30x30 cm, 3 litir.
8,6 mm.
8630033

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ
HÚSASMIDJUNNAR*



HUMARSÚPA aðeins
Kaffi Garður Skútuvoji
Laugardag og sunnudag 12-16
99kr

ÍSLENSK HÖNNUN

Íslensk hönnun eftir
fatahönnuðinn
Svövu Grímsdóttur
Gerð úr íslenskri ull,
og vönduðu powerstretch efni

9.990,-

Dömupeysa
Íslensk ull
og Powerstretch
St. 36-48.
Rauð, grá.
5863762-75

DÚNÚLPA

Fyllt með ekta andardún.
Mjög hlý og létt úlpa.
Dömu og herrasnið.
Fáanlegt í svörtu og rauðu.

Dúnúlpa
Herra .
5869816-821

ekta andardúnn

7.990,-

**LÆGSTA
LÁGA
VERÐ** ↓
HÚSASMÍÐJUNNAR*

**MIKIÐ ÚRVAL
AF ÚTIVISTAR
FATNAÐI**

ótrúlegt verð!

Panna
28 cm, með
teflon húð
2100057

4.990,-

Pottur með loki
Stál, 16 cm, fyrir allar
gerðir af hellum.
2000764

2.799,-

**LÆGSTA
LÁGA
VERÐ** ↓
HÚSASMÍÐJUNNAR*



4 stk

1.690,-

Björglós
4stk í pakka
2009271



4.990,-

Stígvél
Græn og gul.
5861710-13

30%
AFSLÁTTUR
af öllum
líkamsræktar
tækjum

Um helgina!



Fjölþjálf
Óflugt tæki sem
þjálfar allann líkaman.
3899531

tilboð

25.830,-
~~36.900,-~~



tilboð

18.130,-
~~25.900,-~~

Prekhjól
YK B-19, Hljóðlátt.
Segulviðnám, mælir
vegalegd, tíma, hraða
og heildarvegalegd.
3899530



með teljara

3.213,-
~~4.590,-~~

Magabjálfi
YK-A09, sýnir fjölda æfinga
tíma og heitaeiningar.
3899547

**Látum
verkin tala!**

OPIÐ TIL 21:00 Í SKÚTUVOGI ALLA DAGA

Verð gilda til 14. febrúar

*Vörur merktar "Lægsta lága verð Húsasmíðjunnar" er lægsta verð sem Húsasmíðjan býður á viðkomandi vörum á hverjum tíma.
Húsasmíðjan leggur sig fram um að bjóða alltaf lágt verð en ábyrgist ekki að "Lægsta lága verð Húsasmíðjunnar" sé alltaf lægsta verð á markaðnum.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



HÚSASMÍÐJAN



Höfum opnað nýja og betri Vínbúð í Skeifunni

MÁN-FÖS
9-20
LAU 11-18
SKEIFAN · DALVEGUR
SKUTUVOGUR

Endurbótum er nú lokið á Vínbúðinni Skeifunni og við bjóðum ykkur velkomin í nýja og glæsilega búð.

VÍNBUÐIN

vinbudin.is

FRÉTTIR

VIÐSKIPTI

ÍPRÓTTIR

LÍFIÐ

UMRÆÐAN

MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?

Stærsti frétt- og afþreyingarvefur landsins.

VÍSIR.IS



Starfsemi ríkisskattstjóra á Tryggvagötu 19, Tollhúsinu, hefur verið flutt

Afgreiðslan á höfuðborgarsvæðinu er nú á tveimur stöðum:

Laugavegi 166, Reykjavík - Einstaklingsþjónusta

Suðurgötu 14, Hafnarfirði - Virðisaukaskattur / Atvinnurekstur



RÍKISSKATTSTJÓRI

Sími 442-1000 • rsk@rsk.is

Sameining leikskóla = faglegur ávinningur?

Skólamáli

Edda Björk Þórðardóttir

formaður Barnanna okkar, samtaka foreldrafélaga leikskóla



Leikskólustjórar og kennarar hafa gagnrýnt harðlega hugmyndir um sameiningu leikskóla og sameiningu grunn- og leikskóla. Bent hefur verið á að niðurskurður bitni á faglegu starfi og leiði til aukins álags á starfsfólk. Hvergi hafa fagaðilar fjallað um að faglegur ávinningur hafi hlotist af niðurskurði fyrri ára svo okkur sé kunnugt um. Á hvaða gögnum byggist þessi fullyrðing borgarfulltrúa sem mæla fyrir hugmyndinni?

Formaður menntaráðs hefur haldið því fram að samkvæmt rannsóknum telji foreldrar að sameining skóla hafi ekki áhrif á þjónustu við börn þeirra. Við hvaða rann-

ákvörðun. Ennfremur höfðu leikskólustjórar ekki verið beðnir um að leggja fram hugmyndir varðandi sameiningu skóla fyrir þann tíma. Þeir komu því ekkert að þessari ákvarðanatöku. Hins vegar, eftir að þessi ákvörðun var tekin, var boðað til hverfanda með foreldrum og viðtöl boðuð við leikskólustjóra. Það er okkur að öllu leyti óljóst hvernig samráð á að eiga sér stað eftir að ákvörðun hefur verið tekin. Í síðustu viku voru hugmyndir um sameiningu skóla loks sendar til leikskólustjóra frá starfsnefnd um málefnið, en þeim upplýsingum hefur fram að þessu verið haldið frá foreldrum af hálfu borgarinnar.

Það var ekki fyrr en árið 2008 að lagaleg heimild var veitt sveitarfélögum til að reka saman leik-, grunn og/eða tónlistarskóla undir stjórn eins skólustjóra. Heimildin var veitt „til að koma til móts við óskir sveitarfélaga, sér í lagi

Í skýrslu sem unnin var fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga árið 2010 kemur fram að samrekstur grunn- og leikskóla hjá flestum sveitarfélögum skilaði sér í auknum eða sambærilegum rekstrarkostnaði, en ekki sparnaði.

sóknir er hér átt við? Ein námsritgerð hefur verið unnin hérlandis um sameiningu grunnskóla þar sem viðhorf níu foreldra voru könnuð (Óskar J. Sandholt, 2006). Alhæfingargildi slíkrar rannsóknar er afar takmarkað. Eru til aðrar rannsóknir sem fulltrúar borgarinnar alhæfa út frá og þá sérstaklega rannsóknir sem kanna viðhorf foreldra í kjölfar sameiningu leikskóla? Fyrir hönd stjórnar foreldrafélaga leikskóla í Reykjavík er óskað eftir útlitum á slíkum rannsóknum sem fyrst.

Í desember sl. var fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar samþykkt í borgarstjórn. Meðal annars er gert ráð fyrir að ná fram sparnaði með því að sameina stofnanir. Á þeim tíma hafði foreldrum ekki verið boðið til fundar af hálfu borgarinnar til samráðs um þessa

fámennra sveitarfélaga, sem sum hver höfðu átt í erfiðleikum með að fá fagmenntaða starfsmenn og stjórnendur til starfa eða sáu hagræðingarmöguleika felast í því að hafa einn stjórnanda yfir skólum sveitarfélagsins“.

Við sameiningu grunn- og leikskóla í Reykjavík verður stjórnendum, þ.e. leikskólustjórum og aðstoðarleikskólustjórum, sagt upp og stöður þeirra auglýstar. Hver verður hinn faglegi ávinningur af því að segja upp leikskólustjórum með áratuga reynslu? Hvað ef enginn þeirra sækir um á ný? Er hér ekki teft á tæpastu vað af hálfu borgaryfirvalda? Sumir mundu kalla þetta flifdirfsku. Endurspeglar þessi ákvörðun tilgang ofangreindra laga? Reykjavíkurborg hefur þó ítrekað vakið athygli á því hversu leikskólar eru vel reknir af stjórnendum þeirra.

Athyglisvert er að í skýrslu sem unnin var fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga árið 2010 kemur fram að samrekstur grunn- og leikskóla hjá flestum sveitarfélögum skilaði sér í auknum eða sambærilegum rekstrarkostnaði, en ekki sparnaði. Þá eru nefndir kostir og ókostir samrekstrar leik- og grunnskóla. Svar frá einu sveitarfélagi er að „... faglegi hluti skólastarfs leikskólans færast nánast alfarið yfir á aðstoðarleikskólustjóra og væntanlega verðum við að bæta það upp á næstunni með því að mæta því í launalið og með meiri stjórnunartíma“. Annað sveitarfélag nefnir: „Helsti gallinn er lítil þekking skólustjóra á leikskólastarfi og er það stór galli. Því funkera deildarstjórar sem skólustjórar í faglegu starfi og skólustjóri sér í raun bara um rekstrarleg og starfsmannamál.“

Stjórn samtaka foreldrafélaga í Reykjavík lýsir yfir miklum áhyggjum af framvindu leikskólamála í borginni. Við tökum undir yfirlýsingu frá samtökum foreldra grunnskólabarna í sl. mánuði um að „Enn frekari aðgerðir munu skaða skólastarfið um ókomna framtíð með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir börnin okkar. Við sættum okkur ekki við það.“ Þegar samfélög ganga í gegnum efnahagskreppur og aukið álag leggst á fjölskyldur er sem aldrei fyrr mikilvægt að hlúa að velferð barna. Eðlilegra er á tímum sem þessum að auka fjármagn til menntamála og styðja þannig við grunnstoðir samfélagsins í stað þess að höggva enn frekar í þær. Fundur verður haldinn með foreldrum í borginni 24. febrúar kl. 20 í Hlöðunni í Gufunesbæ til að ræða þessi mál enn frekar.

Vill LÍÚ sátt um fiskveiðar?

Sjávarútvegur

Bollí Héðinsson
hagfræðingur

Allt útlit er fyrir að LÍÚ ætli að hafna því að ná sátt um fiskveiðikerfið og kjósa að halda atvinnugreininni áfram í óvissu, einstökum útgerðum og samfélaginu öllu til verulegs tjóns. Því miður þá hefur LÍÚ, allt frá upphafi kvótakerfisins, aldrei ljáð máls á minnstu eftirgjöf af sinni hálfu um sanngjarnt veiðigjald. Sáttin við þjóðina hefur öll átt að vera á einn veg, óbreytt ástand. LÍÚ ætti að vera fyrir löngu búð að átta sig á að greiðsla hæfilegs afnotagjalds til eigenda fiskimiðanna, þjóðarinnar, er besta leiðin til að skapa sátt um atvinnugreinina.

Hæfilegt og sanngjarnt leigugjald er einfaldast að finna með því að gefa útgerðarmönnum kost á að bjóða í þann kvóta sem þjóðin, eigandi kvótans, setur á markað hverju sinni.

Leigugjald er einfaldast að finna með því að gefa útgerðarmönnum kost á að bjóða í þann kvóta sem þjóðin, eigandi kvótans, setur á markað hverju sinni. Enda bjóða menn þá í samræmi við greiðslugetu og hæfi til að gera verðmæti úr aflanum. LÍÚ treystir aftur á móti ekki eigin félagsmönnum til að þekkja best hversu háar fjárhæðir þeir geti greitt fyrir veiðileyfin og telja það því ekki vera færa leið að leyfa útvegsmönnum að bjóða í kvóta t.d. samkvæmt svokallaðri „tilboðsleið“. En tilboðsleiðin, sem fjallað var um í nefnd sjávarútvegsráðherra, virðist ætla að verða sú leið sem hvað víðtækust sátt getur orðið um í samfélaginu.

Hvers virði er það útgerðinni að losna við óvissuna?

Fyrirkomulag á fiskveiðum, sem ekki leiðir til niðurstöðu sem þjóðin sættir sig við, er til þess fallið að halda greininni í áframhaldandi óvissu. Ótti LÍÚ við tilboðs-

leiðina, þar sem einstökum útgerðum gefst færi á að bjóða í afnot af þeim kvóta sem losnar á hverju ári, ætti að vera fullkomlega ástæðulaus. Því, eins og áður er rakið, þá eru það einmitt þeir útgerðarmenn sem líklegastir eru til að hámarka aflaverðmætið sem fá munu þann kvóta sem losnar.

Krafa LÍÚ ætti að standa til þess að hafa áhrif á útfærslu tilboðsleiðarinnar, setja fram kröfu um að allur fiskur verða kvótasettur og tilboða verði leitað í allar fisktegundir. Framsýnir útgerðarmenn vita að ef ekki verður leitað sátta við þjóðina í þessum efnum þá mun áfram verða kroppað í kvótakerfið með hverri nýrri ríkisstjórn.

Nýjar úthlutanir munu verða framhjá kvóta, til sérstakra viðfangsefna, líkt og verið hefur. Slíkt munum við sjá í enn ríkari mæli eftir því sem fram í sækir, sjái LÍÚ ekki að sér og leggi sitt af mörkum til þjóðarsáttar um fiskveiðar.

Viljum við nýtt Verðlagsráð sjávarútvegsins?

Mörg okkar muna enn eftir Verðlagsráði sjávarútvegsins, þar sem svo átti að heita að útgerðarmenn og sjómenn komu saman til að „semja“ um fiskverð. Daginn eftir hverja verðákvörðun var gengi krónunnar fellt „til að tryggja rekstrargrundvöll útgerðarinnar“. Hætt er við að hinn nýi vettvangur „samninga“ útgerða og ríkisstjórnar um kvótaverð, samkvæmt hinni svokölluðu „samningaleið“, verði sama marki brenndur. Það er með ólíkindum að nokkur kjósi að taka upp slíkar miðstýrðar ákvarðanir að nýju. Einstakar útgerðir hljóta að vera fullfærar um það sjálfar að meta greiðsluhæfi sitt til kvótakaupa og geta þ.a.l. boðið í þann afla sem þær telja sig hafa getu og möguleika til að breyta í verðmæta útflutningsafurð, svo fremi þær fái tækifæri til þess, t.d. samkvæmt svokallaðri tilboðsleið.

Kringlan

Valentínusardagurinn er á mánudaginn!
Í Kringlunni færðu nuddolíur og blóm, súkkulaði og sælkeramat, ljóð, tónlist og miklu miklu meira sem gleður hjartað.

Mán - mið 10-18:30, fim 10-21, fös 10-19, lau 10-18, sun 13-18 | Sími 517 9000

Auglýst eftir listaframboðum til trúnaðarráðs VR

Kjörstjórn VR auglýsir eftir listaframboðum vegna kosningar 82 fulltrúa í trúnaðarráð félagsins skv. 20. gr. laga VR.

Auglýst er eftir mótframboðum við lista uppstillinganefndar VR, lista 82 fulltrúa sem skiptist í 40 fulltrúa til setu í eitt ár og 40 fulltrúa til setu í tvö ár, auk fulltrúa frá deild VR í Vestmannaeyjum og deild VR á Austurlandi. Framboðslista með nöfnum frambjóðenda skal skilað á skrifstofu VR, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, eigi síðar en kl. 12:00 á hádegi, mánudaginn 28. febrúar 2011.

Skriflegt samþykki frambjóðenda skal liggja fyrir þegar listi er fram borinn. Til að listi sem borinn er fram gegn lista uppstillinganefndar sé löglega fram borinn þarf skrifleg meðmæli 300 félagsmanna. Berist mótframboð við lista uppstillinganefndar skal fara fram allsherjaratkvæðagreiðsla í félaginu.

Nánari upplýsingar eru á vef VR, www.vr.is. Þá má fá frekari upplýsingar hjá kjörstjórn með því að hringja í síma VR 510 1700 eða senda tölvupóst á kjorstjorn@vr.is.

11. febrúar 2011
Kjörstjórn VR

jura
IMPRESSA Z7 SWISS MADE

Komdu í kaffi
Jura kaffivélar fyrir alla sem elska kaffi

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is



Ný kynslóð sigurvegara

Nú um helgina veitist okkur sú ánægja að kynna þrjá nýja bíla frá Subaru, uppfærða útgáfu af Forester og alveg nýjar kynslóðir af Legacy og Outback.

Íslendingar vita að Subarubílar eru öruggir á alla vegu. Þeir eru í raun einhver öruggustu bílakaup sem hægt er að gera hvernig sem á er litið. Þeir hafa fyrir löngu sannað ágæti sitt með lágri bilanatíðni, góðu endursöluverði og framúrskarandi endingu.

Auk rekstraröryggis státa fáir bílar af jafnmiklu akstursöryggi og Subaru. Síteingt aldrið með tölvustýrðri stöðugleikastýringu, einstaklega lágur þyngdarpunktur vegna BOXER véla sem liggja lárétt í vélarrúmi, loftpúðar fyrir alla farþega og sterk yfirbygging gera Subaru að einum öruggasta farkosti sem völ er á.



SUBARU FORESTER
2.0 bensín / 2.0 dísil

SUBARU LEGACY WAGON
2.0i bensín

SUBARU LEGACY SEDAN
2.0i bensín

SUBARU OUTBACK
2.5i bensín

Komdu við hjá okkur að Sævarhöfða 2 um helgina, fáðu þér kaffisopa og kynntu þér nýja kynslóð Subarubíla. Við höfum opið í dag frá kl. 12-16 og á morgun frá kl. 13-16.

Subarusýning verður einnig hjá Bílahúsinu Reykjanesbæ, Njarðarbraut 1 í dag frá kl. 12-16 og á morgun frá kl. 13-16.

Allar nánari upplýsingar á www.subaru.is



LÉTTSKOÐUN

Léttskoðun er ítarleg öryggis- og viðhaldsskoðun, sem er viðskiptavinum okkar að kostnaðarlausu, óháð aldri bílsins. Hringdu í okkur í síma 525 8000 eða farðu á lettskodun.is og fáðu allar nánari upplýsingar. Ingvar Helgason og B&L, Sævarhöfða 2

www.lettskodun.is



**SUBARU
FRUMSÝNING**
Verið velkomin í kaffi, meðlæti
og reynsluakstur





Amma þriggja ára stráks sem kemur til okkar í dagvist elur upp sautján barnabörn. Öll börnin hennar fimm eru dái.

SIÁLFBODALIÐI Einn dag í viku tekur Ragna þátt í móttöku HIV-jákvæðra barna á leikskólaaldri sem fá kennslu, læknisskoðun og heilbrigðisþjónustu hjá Kawempe Home Care. Hún hefur eignast góða vini í hópnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÚNAR HREINSSON

Lítið framlag gerir ótrúlegt gagn

Alnæmi er helzta heilsufarsvandamálið í Afríku. Í Úganda hefur meira en milljón manns dáði úr sjúkdómnum en þar hefur þó náðst betri árangur í baráttunni gegn honum en víðast hvar í álfunni. Ólafur P. Stephensen ræddi við **Rögnu Guðbrandsdóttur**, sem er sjálfboðaliði í stuðningi við alnæmissjúka í fátækrahverfi í höfuðborginni Kampala.

Ragna Guðbrandsdóttir félagsráðgjafi hefur undanfarið hálf tveggja ára ferð til Úganda. Geir Oddsson, eiginmaður Rögnu, er verkefnastjóri á vegum Þróunarsamvinnustofnunar í Kampala og sjálf vildi hún gjarnan láta gott af sér leiða í landinu.

„Þegar ég flutti til Úganda var ég ákveðin í að taka þátt í einhverju sjálfboðastarfi. Ég hef unnið einhverja sjálfboðavinnu hvar sem ég hef búið,“ segir Ragna. „Hér í Úganda er úr nógu að velja, því að neyðin er mikil og alls konar hjálparstök vinna gott starf. Alnæmið er gifurlegt vandamál hér í Afríku og mér fannst að þar gæti ég lagt eitthvað af mörkum. Ég spurðist fyrir og frétti af hjálparstökunum Heimabjónusta Kawempe eða Kawempe Home Care, sem voru stofnuð fyrir þremur árum og starfa í einu fátækasta hverfi Kampala.“

Rögnu var vel tekið þegar hún hafði samband við dr. Samuel Guma, framkvæmdastjóra og stofnanda samtakanna. Fjöldi sjálfboðaliða starfar með KHC, bæði útlendingar og innfæddir Úgandmenn, sem oftar en ekki eru sjálfir HIV-jákvæðir eða aðstandendur alnæmissjúklinga.

Miklir fordómar gagnvart alnæmi
„KHC er í raun læknaíðstöð þar sem fólk smitað af alnæmi, berklum eða með krabbamein getur fengið ráðgjöf og aðstoð, en þessir

■ BARÁTTAN VIÐ ALNÆMI Í ÚGANDA

HIV-smituðum í hópi fullorðinna hefur fækkað úr 15 prósentum í sex

Úganda hefur náð einna bestum árangri Afríkurlífs í glímuni við alnæmisfaraldurinn, sem eins og annars staðar í álfunni hefur höggvið stór skörð í raðir fólks á bezta aldri. Talið er að af um 32 milljónum íbúa séu 1,2 milljónir HIV-jákvæðar. Á milli 60 og 70 þúsund manns hafa látizt árlega úr alnæmi síðustu ár og talið er að 1,2 milljónir barna hafi misst foreldra sína. Mörg börn eru í hópi alnæmissmitaðra, eða um 150.000.

Engu að síður hefur mikið áunnizt frá því á níunda áratugnum, en þá er talið að um 15 prósent fullorðinna hafi verið alnæmissmituð og þriðjungur barnshafandi kvenna í borgum. Um aldamótin var þetta hlutfall komið niður í 5 prósent, annars vegar vegna þess að alnæmissjúklingarnir létust unnvörpum og hins vegar vegna þess að tekizt hefur að koma í veg fyrir nýtt smit. Hlutfallið hefur hækkað lítillega aftur síðustu ár, í rúmlega sex prósent.

Afstaða Yoweris Museveni forseta, sem komst til valda árið 1986, hefur skipt miklu um þann árangur sem hefur náðst í baráttunni við sjúkdóminn. Museveni kaus að afneita ekki vandanum eins og margir aðrir Afríkuleiðtogar, heldur beitti sér fyrir mikilli herferð gegn alnæmissmiti. Þar á meðal er



SMITUÐ Ung kona sem greint hefur með HIV-smit bíður eftir þjónustu í lækna- miðstöðinni í Kawempe.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÚNAR HREINSSON

svokölluð ABC-áætlan, sem felur í sér hvatningu til fólks til skírlífs (abstain), tryggðar við makann (be faithful) og að nota verjur (condoms). Sumir rekja auknið nýgengi alnæmissmits til þess að síðustu ár hafi forsetinn verið undir áhrifum kristilegra, bandarískra samtaka sem leggja til mikla peninga í baráttuna og vilja gjarnan segja a og b en alls ekki c, þ.e. eru á móti notkun smokka.

Áróður fyrir ábyrgu kynlífi og hvatningu til að mæta í alnæmissmit og fá hjálp má sjá

víða í Úganda á plakötum og stórum auglýsingaskiltum frá stjórnvöldum og hjálparstökum.

Frá 2004 hafa alnæmissmituðum í Úganda staðið til boða ókeypis lyf til að halda sjúkdómnum niðri. Þau hafa hjálpað mörgum að lifa eðlilegu lífi, en þó hefur verið bent á að vitneskjan um góðan árangur af lyfjagjöf kunnir einnig að hafa auknið á óábyrgu kynhegðun, þar sem fólk telji það ekki lengur dauðadóm að smitast af HIV-veirunni.

sjúkdómar fylgjast oft að. Fyrsta skrefið er HIV-próf. Fólk er hvatt til að láta athuga hvort það sé HIV-jákvætt, en það er erfitt skref fyrir marga því að fordómar gagnvart sjúkdómnum eru enn miklir. Í framhaldinu er fólki boðin ráðgjöf, hvort sem það er með HIV-veiruna eða ekki. Ef það er ekki með HIV fær það ráðgjöf um forvarnir, en þeir sem greinast jákvæðir fá meðferð, lyf og ráðgjöf um hvernig þeir eigi að lifa með sjúkdómnum. Margir fylgikvillar plaga þá sem hafa fengið HIV-veiruna, til dæmis berklar, og meðhöndlun við þeim fær fólk á sama stað. KHC veitir ekki eingöngu heilbrigðisþjónustu, heldur einnig félagslegan stuðning, sem skiptir ekki minna máli.

Ragna segir að sér hafi þótt áhugavert að starfsemi KHC byggist á fagfólki sem býr í nágrenni við sjúklingana. „Þarna eru lækningar, hjúkrunarfræðingar, starfsfólk á rannsóknarstofu, lyfjafræðingar og sálfræðingar auk fjármála- stjóra og annarra sem sjá um reksturinn. Miðað við að þessi starfsemi er rekin í fátækasta hverfi Kampala fannst mér þetta bara býsna tilkomumikið.“

Ragna er félagsráðgjafi að mennt og hefur meðal annars starfað í Barnahúsinu í Reykjavík. Hún segir að reynslan úr félagsráðgjöf- inni nýtist sér að nokkru leyti, en hún geti þó ekki tekið beinan þátt í félagsráðgjöf við skjólstæðinga KHC, því að fæstir þeirra tali ensku. Mikill meirihluti íbúanna í fátækrahverfinu Kawempe talar eingöngu Luganda, mál meirihluta

Úgandamanna. „Ég vinn með 15-20 manna teymi sjálfbodaliða úr hverfinu sem leika stórt hlutverk í starfseminni. Þeir þekkja hverfið inn og út, vita hverjir eru veikir og eru sjálfir búnir að taka á sínum málum og eru góðar fyrirmyndir fyrir samfélagið.“

Ný byrjun fyrir 2.500 krónur

Ragna vann meðal annars matslista, sem er notaður til að halda utan um upplýsingar um skjólstæðingana, sem síðan eru notaðar til að skipuleggja félagslegan stuðning við þá. „Við skráum niður fjölskylduadstæður fólks, hvort það hefur einhverjar tekjur og hvort það getur sjálft séð um að útvega sér mat. Ef fólk borðar ekki reglulega er lyfjagjöfin til dæmis ónýtt. Við höfum boðið upp á mataradstoð, framfærslustyrk og svokallaða örstyrki, sem eru lágar upphæðir, 50.000 Úgandaskildingar eða 2.500 krónur, en geta engu að síður dugað fólki sem hefur dottið út af vinnumarkaði vegna sjúkdómsins að til að stofna til einhvers rekstrar þegar því er farið að batna aftur. Það þarf ekki að vera meira en að fólk kaupi einn viðarkolapoka eða bananabúnt, sem það getur svo selt aftur með hagnaði og þannig byrjað að koma undir sig fótunum á ný.“

Duga 2.500 krónur til þess?

„Mér fannst mjög ótrúlegt að þetta gæti skipt einhverju máli. En staðreyndin er sú að fyrir það, sem okkur finnst litlir peningar, er hægt að gera ótrúlega mikið í fátækrahverfi í Úganda. Þessi fjárhæð getur komið fólki aftur af stað á vinnumarkaðnum. Annað verkefni fólst í því að gefa skjólstæðingum svín til að ala. Það var talið auka lífsgæði fólks um helming að eiga svín, sem það gat svo látið fjölga sér og selt afurðirnar. Margar fjölskyldur tóku gjafagrísunum fegins hendi. Það er óhætt að segja að ég hafi kynnt nýjum víddum í félagsráðgjöf í þessu starfi.“

Sterk samkennd

Ragna segir það einmitt hafa komið sér mest á óvart hvað fólk lifi á litlu og sé nægjusamt. „Húskynni skjólstæðinga eru oftast eitt herbergi með dýnu. Ef ein manneskja býr þar er til einn bolli og einn diskur. Fólk á bókstaflega ekki neitt. Á móti kemur að fólk býr þétt og samkenndin er mikil. Sá sem á peninga þann daginn og getur keypt mat til að elda gefur nágrönnunum með sér. Fólk er ekki einu sinni skylt, þarna er bara hreinn náungakærleikur á ferð.“

Suma daga vinnur Ragna með HIV-smituðum börnum á leikskólaaldri, sem koma í lækna- miðstöðina einu sinni í viku, fá lækni- skoðun og -þjónustu og félagslegan stuðning, sem miðar ekki sízt að því að styrkja sjálfsmynd þeirra. Sum þeirra eru alin upp af ömmum sínum, en fjöldamörg dæmi eru um það í Úganda að eldri konur, sem hafa misst flest eða öll börn sín úr alnæmi, sjái fyrir stórum hópi munaðarlausra barnabarna. Ragna hefur kynnt nokkrum slíkum hvunn- dagshetjum. „Amma þriggja ára stráks, sem kemur til okkar í dag- vist, elur upp sautján barnabörn. Öll börnin hennar fimm eru dáin. Afinn er með saumavél heima og aflar einhverra tekna með saum- um, en hún vinnur á akrinum og ræktar grænmeti ofan í allan skar- ann. Önnur elur upp níu barnabörn og eitt barnabarnabarn.“

Erfið fjármögnun

Starf KHC er fjármagnað bæði af stjórnvöldum og alþjóðlegum hjálparamtökum, en endar nást þó ekki saman og Ragna segir að erfiðara hafi orðið á síðustu miss- erum að fá fé til rekstrarins.

„Öllum peningum sem samtök- in fá er hins vegar afskaplega vel varið, því að þau leggja megin- áherzlu á að gera fólk sjálfbjarga á ný. Þótt skjólstæðingarnir séu orðnir einkennalausir hafa þeir oft ekki þrótt til að fara aftur í sitt gamla starf og þurfa að fara nýjar leiðir til að skapa þeim tekjur.“

Á NETINU:

www.kawempehomecare.org



Pappírperlur kosta menntun fátækra barna

Verkefnið „perlur fyrir menntun“ er eitt af verkefnum, sem Kawempe Home Care stendur fyrir til að hjálpa skjólstæðingum sínum að standa á eigin fótum. Skjólstæðingar í góðum bata fá hráefni og tæki til að búa til perlur úr endurunnum pappír. Gömul tímarit, bæklingar og pappír- umbúðir eru skorin niður í renninga og úr þeim vafðar perlur, sem síðan eru litaðar og lakkaðar og búnar til festar, eyralokkar og armbönd.

Skjólstæðingarnir fá greitt fyrir vinnu sína og geta margir framfleytt fjölskyldu á launinum. Samtökin selja skartgripina síðan og nýta ágóðann til að greiða útbúnað og skólagjöld í góðum skólum fyrir börn, sem mörg eru HIV-jákvæð eða börn smitaðra foreldra, nema hvort tveggja sé. Þar sannast að lítið þarf til að gera mikið gagn.

„Samtökin styrkja sjötíu börn,“ segir Ragna Guðbrandsdóttir. „Vegna þess að ekki er nægur markaður fyrir skartgripina í Úganda höfum við selt þá á Vesturlöndum, einkum og sér í lagi á Norðurlöndum, í gegnum persónuleg sambönd. Kaffihús Kaffitárs á Íslandi hafa til dæmis skartið til sölu. Í fyrra skilaði sú sala tíu milljón Úgandaskildingum, eða 500.000 krónum. Fimmtíu þúsund krónur duga til að borga skólagjöld fyrir tuttugu börn í eina önn.“



ÞAKKABRÉF Stúlka sem fær skólavist fyrir ágóðann af perlusölu skrifaði Kawempe Home Care þakkarbréf.



VÍÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

VÍÐSKIPTAÞING 2011

TÖKUMST Á VIÐ TÆKIFÆRIN

ATVINNULÍF TIL ATHAFNA



SKRÁNING:
WWW.VI.IS

MÍÐVIKUDAGINN 16. FEBRÚAR - HILTON REYKJAVÍK NORDICA

13:30 HÚSIÐ OPNAR

13:45 SETNING

13:50 RÆÐA FORMANNS VÍ
TÖKUMST Á VIÐ TÆKIFÆRIN

14:05 RÆÐA FORSÆTISRÁÐHERRA

14:20 NÁTTÚRAN
TÆKIFÆRI Í SAMHENGI

14:45 ORKAN
TÆKIFÆRI Í SAMHENGI

GUNNAR ÁRMANNSSON
PRIMACARE



BJÖRN ZOEGA
LANDSPÍTALI



PERLA BJÖRK EGILSDÓTTIR
SAGA MEDICA



RANNVEIG RIST
RIO TINTO ALCAN



EYJÓLFUR ÁRNI RAFNSSON
MANNVIT



SKÚLI MOGENSEN
CARBON RECYCLING
INTERNATIONAL



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR
FORSÆTISRÁÐHERRA

15:10 KAFFIHLÉ

15:35 AFHENDING NÁMSSTYRKJA VÍÐSKIPTARÁÐS
MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐHERRA

15:45 HAFIÐ
TÆKIFÆRI Í SAMHENGI



JÓN INGI BJÖRNSSON
TRACKWELL



JÓHANN JÓNASSON
3X TECHNOLOGY



EGGERT BENEDIKT GUÐMUNDSSON
HB GRANDI



TÓMAS MÁR SIGURÐSSON
FORMAÐUR
VÍÐSKIPTARÁÐS



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR
MENNTA- OG MENNINGAR-
MÁLARÁÐHERRA



HRUND RUDOLFSÓTTIR
FRAMKVÆMDASTJÓRI
STARFSÞRÓUNARSVÍBS
MAREL



FINNUR ODDSSON
FRAMKVÆMDASTJÓRI
VÍÐSKIPTARÁÐS
FUNDARSTJÓRI

16:10 SAMANTEKT: ATVINNULÍF TIL ATHAFNA
HRUND RUDOLFSÓTTIR

16:20 SPJALL-TENGLS-TÆKIFÆRI
LÉTTAR VEITINGAR

**Egill
Arnason™**

STÓRÚTSALA

ALLRA SÍÐUSTU DAGARNIR



Eikarparket

Verð frá

3.990
kr./m²



Flísar 30x60cm

Verð frá

3.990
kr./m²



Eikar innihurðir

Verð frá

47.920



Loftapiljur

Verð frá

1.990
kr./m²

**Við erum flutt
að Suðurlandsbraut 20**

RISA

VETRARHÁTÍÐ Á KORPUTORGI UM HELGINA

HUNDASLEÐAFERÐIR FYRIR BÖRNIN

Sleðahundaklúbbur Íslands verður á Vetrarhátíð Korputorgs, laugardag kl. 12.30–13.30 og sunnudag kl. 14–16, fyrir utan Gæludýr.is.

Sleðahundaklúbburinn kynnir starfsemi sína í máli og myndum og býður börnum í stuttar sleðaferðir.



KORPUTORG

Umboðssalan



„PRÚTT Í UMBOÐSSÖLUNNI“
Úrval notaðra húsgagna, heimilistækja, hljómtækja og skrifstofuhúsgagna. Komdu við og prúttuðu við okkur.

Bílasalan
BÍLA KAUP
S:577-1111



Bensínkort að andvirði 20–300.000 fylgir öllum seldum bílum

Office OUTLET



50% afsláttur af öllum vörum

MARKAÐURINN
SÖLUTORG / KORPUTORGI



Vaffla með sultu og rjóma og heitt kakó, aðeins 300 kr. um helgina.



FRIEDA HÁTT RÚM

Virkilega flott, hvítlakkað rúm með skemmtilegu leiksvæði undir. Fæst einnig í lakkaðri furu. Aukahlutir fást einnig í bláum og felulit. Dýnstærð: 90 x 200 cm. Verð er án dýnu.

Fullt verð: 34.950 **Nú aðeins: 19.950**

**SPARIÐ
15.000**



**SPARIÐ
3.000**

HØIE UNIQUE SÆNG OG KODDI

Vönduð thermo-sæng fyllt með holtrefjum. Koddinn er fylltur með 500 g af holtrefjum. Koddinn: 50 x 70 cm. Sæng: 140 x 200 cm. Sængurtaska fylgir.

Verð áður: 7.995 **Nú aðeins: 4.995**

PLUS B20

JUBILÆUM BOXDÝNA

Afbragðsgóð, miðlungsstíf dýna. Í efra lagi eru 250 þokagormar pr. m² og í neðra lagi eru 150 BONELL-gormar pr. m².

Með dýnunnni fylgir þykk og góð yfirdýna (25 mm) úr polyúretan-svampi.

Slitsterkt áklæði úr bómull/polyester.

Grindin er úr sterkri, ofnþurrkaðri furu.

Stærð: 90 x 200 cm. Verð án fóta.

Fætur, verð frá: 4.995. Fætur á mynd: 9.995.

Fullt verð: 49.950 **Nú aðeins: 29.950**

**SPARIÐ
20.000**



KORPU **OUTLET**

**LOKADAGAR
ÚTSÖLUNNAR
30% afsláttur
af outlet-
verðum**



next
GÖTUMARKAÐUR
Allar vörur á 500
eða 1.000 kr.



Súpa og brauð.

Verð áður: 590 **Verð nú: 195**



**50%
AFSLÁTTUR**

Sharon. 3ja sæta sófi m/legubekk í brúnu og gráu leðri. LxDxH: 310x88/160x90. Verð áður: 299.900 **Verð nú: 149.950**



**40%
AFSLÁTTUR**

**40% afsláttur
af öllum píðum**

Europpris

Allir sokkar á **25% afslætti**



**25%
AFSLÁTTUR**



Föðurland
Treyja/buxur
st.: 4-12 ára
Verð 1.590 kr. stk.

Treyja/buxur
st.: SX-XL
Verð 1.990 kr. stk.



Gillette Venus
Embrace rakvél.
Verð áður 3.990
Verð nú 990

Kaffiset 18 hlutir.
Verð áður 4.899
Verð nú 2.990



the **PIER**

**SNYRTIVÖRUR
3 fyrir 2**

KOMMÓÐUR

Verð áður
frá 18.900

**Tilboðsverð
frá 7560**

**60%
AFSLÁTTUR**



gæludýr is



Hlýtt og mjúkt fyrir hunda og ketti á tilboði um helgina.

**25% afsláttur af bælum og dýnum
og útifatnaður á sérstöku tilboði**

S'NOB DE NOBLESSE
Tískumerkið er afrakstur samruna tveggja danskra hönnunarkerja. Hönnun þeirra þykir andstæðukennd; látlaus en á sama tíma kynþokkakfull.



STINE GOYA
Hreinar línur eru gæddar lífi með þessu stórskemmtilega blómabelti.



RÜTZOU Klassískur blazer-jakki og einfaldur kjóll frá hönnuðinum Susanne Rützu.



HENRIK VIBSKOV
Hrein en flókin snið einkenna hönnun hins danska Vibskov.



WACKERHAUS Wackerhaus kom fyrst fram á sjónarsviðið árið 2003. Hönnun þess er einnig látlaus en einstaklega klæðileg.

MYNDIR/COPENHAGENFASHIONWEEK



STINE GOYA
Stine Goya er einn fremsti hönnuður Dana um þessar mundir. Hönnun hennar þykir skara fram úr.



WOOD WOOD
Karl-Oskar og Brian Jensen sem hófu listrænan feril sinn sem vegglistamenn í Hróarskeldu.



CHEAP MONDAY
Flott fót frá sænska tískumerkinu Cheap Monday. Einfalt, látlaust en afskaplega töff.

Töff látleysi

Skandinavísk hönnun hefur þótt merki um gæði allt frá sjötta áratug síðustu aldar. Það sem einkennir slíka hönnun er hreinar línur, notagildi og látleysi og hefur það lítið breyst á undanförunum áratugum. Á nýfyrstaðinni **tískuviku í Kaupmannahöfn** mátti sjá að fatahönnuðir á Norðurlöndum halda fast í rætur sínar og mátti sjá að einfaldar línur, jarðlitir og þægindi voru í hávegum höfð.

BAUM & PFERDGARTEN Klassískur grár skokkur frá hönnunartvíeykinu Baum und Pferdgarten.

Borganveisla

28. apríl – 3 nætur



Prag

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Iff *** 28. apríl í 3 nætur með morgunverði.

frá **79.900 kr.**

5.maí – 4 nætur



Barcelona

Netverð á mann m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Zenit **** 5. maí í 4 nætur.

frá **109.990 kr.**

31. mars – 4 nætur



Sevilla

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Monte Carmelo **** 31. mars í 4 nætur með morgunmat. Aukagjald fyrir einbýli kr. 22.680.

frá **99.900 kr.**

21. apríl – 4 nætur



Búdapest

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Mercure Duna *** eða Hotel Tulip Inn *** 21. apríl í 4 nætur með morgunverði.

frá **89.900 kr.**

28. apríl – uppseld

bókaðu beint á heimsferdir.is



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is



Ewing-fjölskyldan snýr aftur

Nýlegar fréttir þess efnis að til stæði að framleiða nýjan prufuþátt af **Dallas**, einni vinsælustu sápuóperu allra tíma, vöktu taumlausa gleði hjá mörgum fortíðarfólki. **Kjartan Guðmundsson** grennslaðist fyrir um þáttinn og rifjaði upp gamla, góða tíma.

Þættirnir um Ewing-fjölskylduna sem bjó á Southfork-búgarðinum í Dallas eru með þeim vinsælli sem gerðir hafa verið, en þáttaröðin gekk óslitið frá árunum 1978 til 1991 og gat einnig af sér fjórar sjónvarpsmyndir, þar á meðal tvær sem framleiddar voru eftir að sýningu þáttanna var hætt. Hróður þáttanna barst víða um heim, meðal annars til Íslands, og ekki er ólíklegt að upphafsstefið góðkunnna flytji marga í huganum aftur til núnda áratugarins þegar götur voru allt að því auðar á sýningartíma Dallas, fyrst á miðvikudagskvöldum á RÚV, svo á mánudögum á Stöð 2 og löngu síðar í endurflutningi á Skjá Einum.

Á hápunkti vinsældanna voru ástir og örlög Ewing-fjölskyldunnar líklega jafn títt umræðuefni og veðrið meðal landsmanna og hafði líka víðtæk áhrif á dægurmenninguna. Til dæmis á Austurlandi þar sem kvennasveitin Dúkkulísurnar söng um Pamelu í Dallas í vinsælu lagi og í Neskaupstað starfaði hljómsveitin Sú Ellen, sem nefnd var í höfuðið á einni af aðalpersónum sápunnar, svo fátt eitt sé nefnt.

Enn þann dag í dag er vísað til þáttanna í ýmsu tilliti. Til eru þeir sem halda því fram að til að

komast almennilega til botns í hugarástandi þeirra sem ollu íslenska efnahagruninu þurfi ekki annað en að horfa á nokkra þætti af Dallas. Á heimsvísu eru þeir síðan ófár sem telja að þættirnir hafi í raun bundið enda á kalda stríðið, hvorki meira né minna.

Framtíð Southfork í hættu

Því kemur það varla á óvart að fréttir sem riðu húsum í fjölmiðlum fyrir skemmstu, þess efnis að til stæði að endurlífga Dallas með nýjum tilraunaþætti (e. pilot) hafi hlotið mikla athygli. Raunar hófu áætlanirnar að kvisast út strax á síðasta ári, en það sem gerði útslagið og kom Dallas kirfilega fyrir milli tannanna á fólki á ný var sú uppljóstrun að hinn 79 ára gamli Larry Hagman myndi aftur taka að sér hlutverk illmennisins J.R. Ewing, hlutverk sem fáir gætu hugsað sér í höndum nokkurs annars leikara.

Einnig hefur verið staðfest að hjartaknúsarinn Patrick Duffy snýr aftur í hlutverki Bobbys og Linda Gray sem Sue Ellen. Þá hefur verið ákveðið að með hlutverk John Ross, alnafna og sonar J.R., fari leikarinn Josh Henderson sem gert hefur garðinn frægan í *Desperate Housewives*. Loks mun Jordana Brewster úr myndinni *The Fast and the Furious* leika Elenu Ramos, þökkadís sem á í



VONDUR DRAUMUR Frægt varð þegar Pamelu, eiginkonu Bobby Ewing, dreymdi heila seríu af Dallas og þar á meðal dauða Bobbys. Henni brá heldur en ekki í brún þegar hún vaknaði, gekk inn á baðherbergi og sá þar eiginmanninn í öllu sínu veldi í sturtunni.

ástarsambandi við frændurna John Ross og Christopher, son Bobbys og Pamelu, en enn hefur ekki verið tilkynnt hver fer með hlutverk hans. Raunar mun ætlunin sú að leggja höfuðáherslu á persónur þeirra John Ross og Christophers í hinu nýja Dallas, þar sem þeir elda grátt silfur eins og feður þeirra forðum.

Eðli málsins samkvæmt eru margar vefsíður úti í heimi tileinkaðar Dallas og halda stjórnendur þeirra vart vatni yfir því sem í vændum er. Ultimatedallas.com (sem birtir reglulega viðtöl við meðlimi Dallas-leikhópsins og býður meðal annars upp á „live“-netspjall áhugasamra gesta við Charlene Hilton, sem lék Lucy eins og margir muna, í dag) hefur komist yfir nokkur þemu sem væntanlega munu koma fyrir í nýja þættinum, sem kemur til með að heita *Changing of the Guards*, og eru þau sem hér segir:

Ewing-fjölskyldan á í innbyrðis stríði vegna ævaforrnra mála. Ein



SOUTHFORK Sumir vilja meina að Dallas-þættirnir hafi bundið enda á kalda stríðið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

af upphaflegu aðalpersónunum er við dauðans dyr. Haldið er brúðkaup sem sótt verður af nokkrum Dallas-leikurum úr fortíðinni. Framtíð Southfork-búgarðsins er í hættu. Bobby er hamingjusamlega giftur. Drengirnir John Ross og Christopher líkjast feðrum sínum í flestu, en mögulega eru þeir jafnvel enn verri.

Hljómar spennandi. Í viðtali á

téðri Ultimatedallas.com er Larry Hagman borubrattur og handviss um að nýi tilraunaþátturinn eigi eftir að skila sér í mörgum þáttum í viðbót. „Það er frábært að vinna að þessum þáttum á ný. Allir aðstandendur eru mjög fagmannlegir og vinalegir, sem er gott því ég gæti þess vegna átt eftir að vinna með þessu fólki næstu fimm árin,“ segir Larry.

■ KRUFID TIL MERGJAR Á MORGUNVAKTINI

Alls staðar var rætt um framgang Dallas á Íslandi á níunda áratugnum, þar á meðal á Morgunvaktinni í Ríkisútvarpinu í nóvember 1985, þar sem Flosi Ólafsson heitinn og Þórkatla Aðalsteinsdóttir sálfræðingur voru gestir þáttarins og brutu sálarlíf aðalpersónanna til mergjar. Í upptöku af spjallinu, sem fáanlegt er á vef RÚV, reynist Þórkatla sannspá um örlög þeirra John Ross og Christophers Ewing, sem þá voru aðeins litlir drengir, og segir þá væntanlega eftir að berast á banaspjótum í framtíðinni. Persóna Lucy var Dallas-sérfræðingur RÚV einnig hugleikin eins og heyrast í eftirfarandi broti úr samtalinu:

Flosi: „Hver þyrfti ekki sálfræðilega aðstoð þarna, kannski allra helst Lucy litla? Lucy sem var sem yngri stúlka, ég man það vel, hún var ákaflega fjöllynd. Hún leitaði yfirleitt á alla karlmenn, eins og stúlkum er nú stundum lagið og ekkert við því að segja í sjálfu sér. En henni varð ekkert ágengt fyrr en henni var nauðgað. Og eftir það verður hún svona óskaplega kynköld, vesalings stúlkán. Og þessi kynkúldi háir henni náttúrlega. Ég veit ekki nema að hún þurfi virkilega á sálfræði- og félagsfræðilegri aðstoð að halda.“

Þórkatla: „Ég er alveg sammála þér þar. Mér finnst hún að vísu aðeins vera að komast yfir það versta.“

Flosi: „Hún er að þjóna, það er alveg rétt. Hún er að þjóna.“



FLOSI ÓLAFSSON

■ CLIFF BARNES Á ÍSLANDI

Það varð uppi fótur og fit þegar leikarinn Ken Kercheval, sjálfur Cliff Barnes úr Dallas, kom í stutta heimsókn til landsins í apríl árið 1983 þegar vinsældir þáttanna voru í hámarki. Tilefni komu leikarans var fjárfloflun SÁÁ vegna byggingar nýrrar sjúkrahússvæðis í Grafarvogi. Kercheval kynnti sér starfsemi samtakanna og flutti ávörp fyrir vistmenn á Sogni og Silungapólli, auk þess að koma fram í sjónvarpsþætti þar sem hann ræddi um áfengissýki og reynslu sína af henni.

„Ef ég get bjargað einum manni frá alkóhólisma með þessari heimsókn minni þá er ég ánægður,“ sagði Kercheval í viðtali við DV við komu sína hingað og lýsti því jafnframt að hann hefði verið alkóhólísti frá því að hann var tvítugur. Síðustu árin áður en hann hætti hefði hann drukkið á hverjum degi og jafnvel í vinnunni. „Ég var orðinn svo slæmur um tíma að þegar ég mætti í stúdíó eitt sinn greip ég handrit og hóf lestur. Einhver spurði mig að því hví ég væri að lesa þetta því að búið væri að taka upp atriðið. Ég hafði gjörsamlega gleymt því. Þetta er aðeins eitt dæmi,“ útskýrði leikarinn og bætti við að það hefði tekið hann mörg ár að segja alfarið skilið við Bakkus bróður.

Í viðtalinu var Kercheval hressilega hreinskilinn þegar hann var spurður hvort honum þætti Dallas-þættirnir góðir. „Nei,“ svaraði hann og bætti við að hann myndi líklega ekki fylgjast sjálfur með þáttunum sem venjulegur áhorfandi.



EKKI AÐDÁANDI DALLAS Þórkatla Aðalsteinsdóttir kynnti Ken Kercheval sjúkrahússvæðis SÁÁ sem þá var í byggingu í Grafarvogi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

VETRARRHÁTÍÐ

KORPUTORGI 11. - 13. febrúar



einfaldlega betri kostur



40%
afsláttur
af öllum
púðum



50%
afsláttur

SHARON. 3ja sæta sófi m/legubekk. Brúnt/grátt leður.
H:90, D:88/160, L:310 cm. Verð 299.900,- **NÚ 149.950,-**

VISA Lán
- VAXTALAUST
Bjóðum uppá
vaxtalaust
lán til 6 mánaða

sendum um allt land

ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík, sími 522 4500 www.ilva.is
mánudaga - föstudaga 11-18:30, laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18

shop online

heimili & hönnun

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM HÝBÍLI]

febrúar 2011

Klassísk hönnun í nýju ljósi

Ungir hönnuðir létu ljós sitt skína í Stokkhólmi. Þeirra á meðal var Jaeuk Jung.

SÍÐA 6



Mikill græjukarl

Ásgeir Kolbeinsson útvarpsmaður kann vel við sig í miðbænum.

SÍÐA 2



Skandínavísk hönnunarveisla

● Mikil hönnunarsýning er haldin í Stokkhólmi í febrúar. Þar eru helstu nýjungar hönnunarheimsins kynntar. Sýningin þykir gefa góða mynd af þeim straumum sem einkenna skandínavíska hönnun og þangað flykkist fólk frá öllum heimshornum.

Sýningarsvæðið er stórt og yfirgripsmikið en einnig eru sýningar víðs vegar um borgina. Í ár var viður alls ráðandi, eins og oft áður enda grunnefni í skandínavískri framleiðslu. Náttúrulegar áferðir og umhverfisvænar framleiðsluáferðir nutu sín í bland við skæra og sterka liti. Einnig

voru pastellitir áberandi og má segja að hvítt og svart sé á undanhaldi.

Það gætir afturhvarfs til eldri tíma hjá ungum fyrirtækjum en með samtíma framleiðsluháttum. Efni eins og kopar og messing sáust víða svo ekki sé minnst á prjónaða, heklaða og ofna ull. Þægindi og

mýkt voru áberandi í mótsögn við harðar línur módernisma sem hefur verið vinæll undanfarin ár. Skandínavísk hönnun er þó alltaf stílhrein og einfaldleikinn í fyrirrúmi en í ár var hann óvenju hlýlegur. -she

FRAMHALD Á SÍÐU 4

OKKAR BESTA ÞVOTTAVÉL Á ÓTRÚLEGU VERÐI

1600 snúningar / 8 kg
Hljóðlátur kolalaus mótur

Mjög sparneytin á rafmagn og vatn

Sterkbyggð - tromla og belgur úr ryðfríu stáli

Panasonic
ideas for life



**FEBRÚAR
TILBOÐ**

PANASONIC NA168VG2

Kr.
129.990
Verð áður 149.990

INVERTER EVERYTHING MATTERS.



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

hönnun



Legubekkur frá Artanova.

Punkalive Pavilion, „High Roller“-sólstóll.

Húsgagnasýning í Köln

MM Köln er húsgagnasýning þar sem kynntar eru húsgagnalínur framtíðarinnar. Þar sýna birgjar frá öllum heimshornum það nýjasta sem þeir hafa upp á að bjóða. Á sýningunni sem haldin var í lok janúar gat að líta fjölbreytta hluti, litagleði var ráðandi eins og sjá má á myndunum.

Flottur sófi frá Sahco.


GÓÐ KAUP... fyrir áhaldasafnið



Güde-hnifarnir eru handsmíðaðir. Eru til í ýmsum stærðum en einn sá algengasti, kokkahnifurinn, kostar 15.270 krónur. Kokka, Laugavegi 47.



Léttur og þægilegur þeytari frá Bodum fyrir froðuna í kaffið. Líf og list, Smáralind. Verð: 2.120 krónur.



Ola Wihlborg er rísandi stjarna, hefur t.d. hlotið Red Dot Design Award. Þessi stappari er úr hans smíðju. IKEA, Kaupúni 4. Verð: 795 kr.



„Uppáhaldsstaðurinn á heimilinu er í sófanum, þar hlamma ég mér niður við sjónvarpsgláp eða vinn í tölvunni.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Eins og hótél í útlöndum

Ásgeir Kolbeinsson sjónvarpsmaður hefur komið sér fyrir í miðbænum og kann vel við sig þar.




Ásgeir er græjukarl og þarf ekki að labba langt á milli tækja.

„Þetta er eins og að búa á hóteli í útlöndum. Alltaf eitthvað að gerast fyrir utan gluggann,“ segir Ásgeir, sem flutti í húsið nýtt og gerði engar breytingar. „Enda var ég búinn að standa í svo miklum framkvæmdum við íbúðina á undan,“ segir hann hlæjandi. Annars segist hann mikið fyrir framkvæmdir. „Mér finnst mjög gaman að taka eitthvað í gegn og þá eitthvað eldra. Það er alltaf persónulegra og skemmtilegra þegar maður gerir hlutina sjálfur.“

Uppáhaldsstaður Ásgeirs er í sófanum. Þar situr hann með fartölvuna eða horfir á sjónvarp. Hann segist græjukarl. „Það er strákagenið, ég þarf ekki að stíga mörg skref í íbúðinni til að geta gripið í eitthvert tæki.“ En þó að Ásgeir eyði miklum tíma í tölvunni segist hann nota eldhúsið líka og er góður kokkur. „Ég gef mér það allavega. Á sumrin er kveikt á grillinu allan sólarhringinn og ekkert eldað nema hægt sé að grilla það.“



Iðandi Laugavegurinn undir svölunum þar sem Ásgeir grillar öllum stundum á sumrin.



Stílhreint og létt yfirbragð.



● Forsíðumynd: Stockholmsmässan Útgáfufélag: 365 miðlar ehf., Skaftahlöð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000
Ritstjórar: Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is
Auglýsingar: Hlynur Þór Steingrímsson s. 512 5439 Útlitshönnuður: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is.



FRÉTTIR

VIDSKIPTI

ÍPRÓTTIR

LÍFIÐ

UMRÆÐAN

MEIRI HALLDÓR BALDURSSON

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og iPad!

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „líke“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

Meiri Vísi.

visir.is

ego dekor

-20%

Skenkur
Breidd: 150cm
Verð: 129.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
103.920,-

Stækkanlegt hnotuborð
160(248)x100
Verð: 139.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
97.930,-



-30%

-20%



-30%

TV skenkur
í hnotu

Breidd: 183cm
Verð: 99.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
79.920,-

-20%



Skenkur í hnotu

Breidd: 150cm
Verð: 119.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
95.200,-

Borð í hnotu

180x100
Verð: 99.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
69.930,-

ÚTSÖLULOK 20-50% AFSLÁTTUR

VERONICA
TUNGUSÓFI

Stærð: 260x165
Verð: 236.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
177.000,-



-25%

SWING
SÓFASETT

3ja sæta
Stærð: 210cm
Verð: 149.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
104.300,-

2,5 sæta
Stærð: 180cm
Verð: 135.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
94.500,-



-30%

-30%



YASAM
tungusófi

Stærð: 212x157
Verð: 169.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
118.930,-

-25%



AIR tungusófi

Stærð: 285x165
Verð: 245.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
183.750,-

PALMA 4ra sæta leðursófi

Stærð: 280cm
Verð: 237.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
165.900,-



-30%

-25%



RENO leðurstóll

Verð: 16.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
12.675,-

-25%



VIOLA stóll

Verð: 18.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
14.175,-

-30%



MOSS leðurstóll

Verð: 16.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
11.830,-

Opið mán-fös: 10.00-18.00
Opið um helgina: lau: 10.00-16.00 - sun: 13.00-16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 544 4420 - www.egodekor.is

Ópreytandi

– engin áhöld um það



5 Year RÖSLE Warranty

» Það er ekki að ástæðulausu að þeytarinn og önnur áhöld frá Rösle eru með fimm ára ábyrgð – þau eru einfaldlega ópreytandi. Þetta gróna þýska fyrirtæki hefur framleitt hágæða eldhúsaðhöld úr stáli í nær hundrað ár og er reynslunni ríkara. Rösle leggur mikla áherslu á gæði og stílhreina hönnun.

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is ✉ kokka@kokka.is

FRAMHALD AF FORSIÐU



Sitthvað frá Stokkhólmi

1. Fatastandur Källemo kynnti líflega fatastanda eftir hina sænsku Önnu Kraitz.

2. Hægindi Källemo sýndi notalega hægindastóla eftir Matti Klenell.

3. Gubi Danska fyrirtækið Gubi hefur tekið í framleiðslu ljós sem hönnuð voru af Greta Grossman á árunum 1930-40. Þessi, frekar

óþekkti hönnuður, gerði marga frábæra hluti á árum áður en núna eftir fráfall hennar hafa lamparnir komið aftur í framleiðslu.

4. Ilmari Tapiovaara Eldri hönnuðir fá verðskuldaða athygli líkt og Ilmari Tapiovaara sem hefur teiknað marga klassíkera. Artek framleiðir nú hönnun hans og var stólnum Mademoiselle sérstak-

lega gert hátt undir höfði í ár.

5. Græna herbergjið Ungir og upprennandi hönnuðir fá Græna herbergjið til umráða. Í ár voru margir gullmólar í boði, t.d. kollar eftir Sami Kallio.

6. Prjónastóll Miriam Ortved úr Danmarks Design Skole hannaði stól sem bólstraður er með prjónaefni.

7. Strengir Ása Alvi Kärner hannaði þennan frumlega stól.

8. Norsk hönnun Nemendur frá Lista-háskólanum í Osló sýndu stól sem sækir innblástur sinn í leigubílstjórásæti.

9. Bakkaborð Nemandi frá Osló bjó til skemmtilegt borð sem hæglega má nota sem bakka.



Söngstund verður í Gerðubergi á morgun frá klukkan 14 til 16. Syngjum og kveðum um fjölskylduna og börnin er yfirskriftin að þessu sinni og verða íslensk alþýðulög og erlend þjóðlög flutt. Fjöldi listamanna kemur fram, þar á meðal Pétur Eggerz. Ókeypis aðgangur. Nánar á gerduberg.is.

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447

NÁMSAÐSTOÐ

Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?

Íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði - lestur
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl
Öll skólastig - Réttindakennarar

Nemendabjónustan sf • www.namsadstod.is • s. 557 9233

ALLRA VEÐRA KÁPUR,
ÚTSÖLUVERÐ

ÚTSÖLUVÖRUR
50%-60% -70%

BERNHARD
LAXDAL

Laugavegi 63 • s: 551 4422



Helgarplanið hjá Andreu Róberts hljóðar upp á sund, sprik, saumaklúbb, skírnarveislu og vöfflubakstur.

Ég er fröken fílófax

UÐ



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Gjafabréf í dekur frá NordicaSpa

Hverju gjafabréfi fylgir aðgangur að heilsulind NordicaSpa. Þar er boðið upp á höfuð- og herðanudd í heitu pottunum!

- ♥ Nuddmeðferðir
- ♥ Líkamsmeðferðir
- ♥ Snyrtimeðferðir
- ♥ Heilsurækt
- ♥ Námskeið



Valentínusargjöfin

N O R D I C A S P A

www.nordicaspa.is

Pantanir og upplýsingar í síma: 444-5090



Allir dagar eru skipulagðir hjá mér frá A til Ö því ég er fröken fílófax!“ segir Andrea Róberts, mannaútsstjóri hjá Tali, spurð hvað hún ætli að aðhafast um helgina. „Ætli ég fari ekki í sund? Ég er barnshafandi og er að reyna að hreyfa mig eitthvað,“ segir hún. Aðspurð kveðst hún hálfnuð á meðgöngunni og vera mun afslappaðri en þegar hún gekk með soninn Dreka sem er tveggja ára. „Ég er ekki endilega að spá í núna hvað stendur á blaðsíðu 14 í meðgöngubókinni!“ útskýrir hún hlæjandi.

Skírnarathöfn í fjölskyldunni er á dagskránni í dag hjá Andreu og í kvöld saumaklúbbur. „Ég hef aldrei falið það að ég er Eurovision-nörd og við vinkonurnar munum fylgjast vel með keppninni í kvöld.“

Vöfflubakstur fyrir væntanlega kaupendur að sveitasælunni er meðal verkefna á morgun hjá Andreu því hún og unnustinn, Jón Þór Eypórsson, eru að selja eignir sínar í Kjósinni eftir fjögurra ára búsetu þar. „Það hefur alltaf blundað í mér bóndi og það var tilrauna-verkefni hjá mér og kærastanum að flytja upp í sveit. Þetta hefur verið rosa kósí, enda erum við með hektara af skógi, gestahús og heitan nuddpott við húsið,“ lýsir hún og viðurkennir að hvergi sé hægara að hlaða batteríin en í sveitinni. Andrea upplýsir að fjölskyldan hafi eiginlega verið ættleidd af bændunum í kring. „Það er yndislegt krydd í tilveruna að lítill lömb taki á móti manni í hlaðinu eða að hafa hesta í innkeyrslunni þegar maður kemur heim eftir vinnu,“ segir

hún. „Auðvitað verður viss söknudur. Það verður heví kveðjupartí og knús á bændur og búalið.“

En af hverju að flytja? „Ja, það skrifast bara á flökkugenið í mér,“ svarar Andrea glaðlega. „Ég hef aldrei verið lengur en tvö ár á hverjum stað. Þegar ég er búin að gera upp og grisja það sem þarf á hverjum stað þá er ég tilbúin í næsta. Mér finnst heldur ekkert mál að flytja. Því fylgir hreinsun og ég safna ekki að mér hlutum.“

Hvað við tekur kveðst Andrea ekki vita fyrr en hún finnur staðinn. „Vonandi tekst okkur kærustu-parinu að finna einhvern sælureit í framtíðinni svo við getum haldið áfram að gróðursetja. Við erum komin með helgræna fingur. Það er meðal þess sem sameinar okkur.“

gun@frettabladid.is



Nálastungudýnan

- Dregur úr vöðvaspennu
- Höfuð- háls- og bakverkjum
- Er slakandi og bætir svefn
- Notkun 10-20 mínútur í senn
- Gefur þér aukna orku og vellíðan



Fjölþrepa bakbrettið

- Teygir á hrygg og bakvöðvum
- Minnkar vöðvaspennu
- Línar bakverki
- Bætir líkamsstöðu
- Auðvelt í notkun

Fæst einnig með þrýstipunktunuddi



Heilsuræktarvörur

Bjódum nú úrval af hinum vönduðu þjálfunar- og stuðningsvörum frá Sissel



Opið kl. 9 - 18 og á laugardögum kl. 11 - 16 • Stórhófa 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is





LAGERSALA

Gönguskór



Opnunartími
virka daga 12-18
laugardag 12-16

St. 36-46
Verð áður 14.995
Verð nú 9.995

www.xena.is

XENA

Grensásvegi 8 - 108 Reykjavík - 517-2040

Formúlan á Korputorgi

Búast má við spennandi viðureign þegar þriðja umferðin í Íslandsmóti smábíla fer fram á Korputorgi í dag. Þar mæta til leiks félagar í Smábíla-klúbbi Íslands með öflug leiktæki sem geta náð allt að 90 kílómetra hraða.

Þeir eru ef til vill ekki stórir í sniðum en glæsilegir og ótrúlega hraðskreiðir, keppnisbílar sem taka þátt í þriðju umferð Íslandsmóts Smábíla ehf. – SBKÍ Onroad, á Korputorgi í dag. Þar hefur verið lögð 130 metra akstursbraut þar sem nokkrir félagar úr Smábíla-klúbbi Íslands ætla að leggja allt undir. Marteinn Sigurðsson, meðlimur og bílaáhugamaður, er klár í slaginn.

„Búast má við mjög spennandi viðureign í dag. Fyrst eru tvær tímatökur, sem ráða rásröðinni, og svo þrjár keppnisumferðir. Fjörutíu mínútur eru á milli þeirra og niðurstaðan úr þeim ræður sigri.“ Þannig lýsir hann fyrirkomulaginu og bætir við að keppt sé í þremur flokkum: 16 ára og yngri, 6,5 Turn Modified og 9,6 Turn Super Stock, en vélarstyrkur ræður í hvorum af tveimur síðarnefndu flokkunum menn lenda.

„Þessir bílar eru misöflugir, geta komist upp í 90 kílómetra hraða, verið fjórhjóladrifnir, með sjálfstæða fjöðrun og gerðir úr kolefnis-trefjum að utan, sem hefur talsvert um það að segja hversu hraðskreiðir þeir eru. Þetta eru eiginlega smækkaðar útgáfur af keppnisbílum í Formúlunni og geta kostað hátt í 150.000 krónur, fyrir utan varahluta- og viðgerðarkostnað,“ segir Marteinn, sem mætir til leiks með X-Ray T3, en á þess utan sex bíla af ólíkum stærðum og gerðum.

Á honum má heyra að andrúmsloftið geti oft orðið spennuþrungnið í keppninni. „Menn leggja heilmikið



Menn leggja allt undir í dag, segir Marteinn, hér með X-Ray T3.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

á sig til að ná betri tíma, keyra kannski 300 til 400 hringi daginn fyrir keppni til að æfa sig. Þannig að það er mikið keppnisskap í mannskapnum þegar mætt er á svæðið.“

Þess á milli segir hann meðlimi „leika sér“ saman í mesta bróðerni. „Við höldum æfinga- og leikkvöld á Korputorgi alla sunnudaga í vetur. Öllum er frjálst að mæta með eigin bíla, félagar fá frítt inn en aðrir þurfa að greiða 500 hundruð krónur fyrir bíl.“ Að hans sögn er ágætlega mætt, en meðlimir eru 80 talsins og á breiðu aldursbili, frá 10 ára upp í fimmtugt og karlar í yfirgnæfandi meirihluta. „Ætli ástæðan sé ekki bara að fleiri karlar en konur áttu fjarstýrða bíla í æsku.“



Talið berst aftur að mótariðinni, sem Marteinn segir vera hálfnaða. „Henni lýkur í apríl og þá kemur í ljós hver ber sigur úr bítum,“ segir hann. Og verðlaunin? „Verðlaunagripur og svo auðvitað sigurgleðin,“ segir hann og brosir út í annað.

Tímatökur hefjast í dag klukkan 10 en keppnin klukkan 13 og er öllum frjálst að fylgjast með. Nánari upplýsingar á www.sbkí.is.

roald@rettabladid.is

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRI AFÞREYING

Deildu Vísir með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísir á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

Meiri Vísir.

m.visir.is

Fáðu Vísir í símann og iPad!

VÍSIR.IS



NÁM Í DANMÖRKU

HJÁ VIA UNIVERSITY COLLEGE Í HORSENS
BJÓÐUM VIÐ UPP Á MARGVÍSLEGA MENNTUN

Í BODI ER:

Á ENSKU OG DÖNSKU

- Byggingafræði
- Véltaekni
- Byggingaiðnfræði
- Markaðshagfræði
- Byggingataekni

Á ENSKU

- Tölvutækni
- Framleiðslutækni
- Útflutningstækni
- BS í Markaðsfræði

Á DÖNSKU

- Véltaekni
- Landmælingar
- Vöruþróun og tæknileg sameining
- Aðgangsnámskeið

KYNNINGARDAGUR Í RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR:

Fulltrúi skólans Johan Eli Ellenderson, verður á Íslandi laugardaginn 19. febrúar 2011, frá 11-16. Áhugasamir geta haft samband í síma 8458715. Leggið inn skilaboð og við munum hringja til baka.

VIAUC.DK/HORSENS

VIA UNIVERSITY COLLEGE
Chr. M. Østergaards Vej 4
DK-8700 Horsens

Tel. +45 8755 4000
Fax: +45 8755 4001
Mail: tekmerk@viauc.dk

VIA UNIVERSITY COLLEGE

Valentínusardagurinn



Dagur ástarinnar
er á mánudaginn.

Blóm gera kraftaverke

íslensk blóm



Capacent Ráðningar

VERKEFNISSTJÓRI



Landsvirkjun er eitt stærsta fyrirtæki landsins með efnahagsreikning upp á 4,8 milljarða dollara. Helstu viðskiptavinir hennar eru alþjóðleg fyrirtæki og breytingar á raforkumörkuðum skapa fyrirtækinu ný sóknarfæri. Framundan eru spennandi tímar í rekstri félagsins þar sem aukin áhersla er lögð á rekstur, markaðsmál og bættar arðsemi samhliða áframhaldandi uppbyggingu raforkuvinnslu. Hjá Landsvirkjun og dótturfélögum þess starfa rúmlega 300 manns með fjölbreytta menntun. Áhersla er lögð á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

Landsvirkjun óskar eftir því að ráða verkefnisstjóra á sviði jarðhitarannsóknna á rannsóknardeild þróunarsviðs. Þróunarsvið er ábyrgt fyrir undirbúningi nýrra virkjunarkosta, almennum rekstrarrannsóknnum, nýsköpun í orkuvinnslu, umhverfisrannsóknnum og samskiptum við ýmsa aðila.

Starfssvið:

- Umsjón með ýmsum jarðhitarannsóknnum er tengjast vinnslu súrra jarðhitavökva og forðafraði háhitasvæða vegna undirbúnings nýrra jarðhitavirkjana og virkjana í rekstri
- Skipulagning, undirbúningur og framkvæmd rannsókna
- Önnur sérverkefni

Við leitum að einstaklingi sem hefur:

- Frumkvæði
- Skipulagsgáfu
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til þess að tjá sig í ræðu og riti

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Jarðeðlisfræði, jarðefnafræði eða önnur sambærileg menntun
- Reynsla af verkefnastjórnun er æskileg
- Reynsla af áætlanagerð er æskileg
- Mjög góð enskukunnátta
- Kunnátta í einu Norðurlandamáli kostur

Í boði er:

- Fyrirmyndar starfsaðstaða og góður vinnuandi
- Metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi
- Krefjandi verkefni

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 27. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent



Landssamtökin eru heildarsamtök lífeyrissjóða sem hafa starfsleyfi samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Landssamtökin hafa innan vébanda sinna alla lífeyrissjóði landsins. Heildareignir lífeyrissjóða í Landssamtökum lífeyrissjóða voru rúmlega 1.920 milljarðar króna í lok árs 2010.

Hlutverk samtakanna er m.a.:

- Að gæta í hvívetna hagsmuna sjóðfélaga þeirra lífeyrissjóða, sem aðild eiga að samtökunum.
- Að vera málsvari lífeyrissjóðanna í þeim málum, sem varða heildarhagsmuni þeirra og koma á framfæri sjónarmiðum samtakanna við stjórnvöld og aðra aðila í öllum meiriháttar málum sem varða að geta sameiginlega hagsmuni aðildarsjóðanna.
